Heildarfjöldi bílastæða	**1.314**	**1.854**	**1.215**	**1.653**

Í töflu að ofan er miðað við ákveðnar forsendur um fullbyggð svæði og að gripið verði til ráðstafana til að draga úr bílastæðaþörf. Ekki er talið raunsætt að fækka bílastæðum strax niður í þessar tölur sem sjást í Tafla 3-7. Mikilvægt er að tryggja að sem flestir af þeim þáttum sem hafa áhrif á bílastæðaþörf séu til staðar þegar fyrstu notendur svæðisins flytja inn. Þar er Borgarlínan allra mikilvægasta atriðið. Einnig er mikilvægt að það komi fram skýr stefna í deiliskipulaginu t.d. um hjólastæði, deilibíla og samgöngustefnu. Það er svo í höndum lóðarhafa (uppbyggingaraðila/rekstraraðila) til hvaða aðgerða er gripið. Þeir geta t.d. samið um aðstöðu fyrir deilibíla á sinni lóð og/eða verið með sterka samgöngustefnu sem er vel fylgt eftir.

Enn er margt óljóst um notkun lóða og eins og t.d. hjúkrunarheimili og Tækniskólinn. Samgöngumatið er lifandi skjal og þarf að endurskoða bíla- og hjólastæða þörf eftir því sem forsendur breytast. Æskilegt er að hafa eins mikið samráð við lóðarhafa í kring og hægt er.

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð.

Aðgengi að hleðslustöðvum fyrir rafbíla við bílastæði hreyfihamlaðra skal vera gott og hindrunarlaust og skal vera við öll stæði. Einnig skal gera ráð fyrir tengibúnaði fyrir rafhleðslubíla fyrir öll bílastæði ætluð íbúum í samræmi við byggingarreglugerð. Fyrir atvinnuhúsnæði skal að lágmarki eitt stæði af hverjum fimm vera útbúið tengibúnaði fyrir rafhleðslubíla.

3.7 Hjólastæðamat

Viðmið um fjölda hjólastæða eru skilgreind sem lágmörk. Reglurnar leiðbeina um hvernig ákvarða skuli fjölda hjólastæða en í þeim eru jafnframt leiðbeinandi kröfur um tegund hjólastæða og aðgengi.

Viðmiðum um fjölda hjólastæða er ekki skipt upp eftir svæðum heldur eru þau sömu innan Reykjavíkur í heild sinni. Þau eru gefin upp á bili fyrir sömu landnotkunarflokka og í viðmiðum um fjölda bílastæða. Fjölda hjólastæða skal meta út frá mismunandi þáttum, s.s. tegund húsnæðis, staðsetningu, nálægð við almenningssamgöngur og gæðum hjólastígakerfis í næsta nágrenni.

Tafla 3-8 sýnir lágmarks- og hámarkskröfur um fjölda hjólastæði við íbúðir og annað húsnæði.

Tafla 3-8 Fjöldi hjólastæða

	Svæði 1		Svæði 2	
	Hjólastæði		Hjólastæði	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Stæði - íbúðir	3.131	3.131	3.778	3.778
Stæði - atvinna	1.249	2.716	603	1.085
Heildarfjöldi stæða	**4.380**	**5.847**	**4.382**	**4.864**

Hjólastæðum er skipt í tvo flokka; langtímastæði og skammtímastæði:

- Langtímastæði eru hjólastæði þar sem gert er ráð fyrir að hjólum sé lagt lengur en 4 klst. Við útfærslu langtímastæða skal leggja áherslu á öryggi og traust og skal vera hægt að læsa stelli hjóls tryggilega. Hjólastæðið skal vera í læstu eða vöktuðu rými, t.d. í sérstakri hjólageymslu. Slíkar hjólageymslur geta hvort heldur sem er verið innan húsnæðis eða utan þess.

- Skammtímastæði eru hjólastæði þar sem gert er ráð fyrir að hjólum sé lagt í skemmri tíma en 4 klst. Við útfærslu skammtímastæða er áhersla lögð á að þau séu aðgengileg og þægileg í notkun. Þau skulu staðsett sem næst inngangi húsnæðis.

Samkvæmt bíla- og hjólastæðareglunum skal eftirfarandi gilda:

- Við íbúðir og hjúkrunarheimili skal gera ráð fyrir að um 90% hjólastæða séu í læstu rými (langtímastæði) og að um 10% stæða sé staðsett nærri inngangi fyrir gesti (skammtímastæði).
- Við skrifstofur og leikskóla skal gera ráð fyrir að 90% hjólastæða séu í læstu rými (hjólageymslur, hjólabúr, hjólaskápar) og að 10% stæða séu staðsett næst inngangi fyrir gesti.
- Við verslanir, grunnskóla og framhaldsskóla skal gera ráð fyrir að 20% hjólastæða séu í læstu rými (hjólageymslur, hjólabúr, hjólaskápar) og að 80% stæða séu staðsett næst inngangi fyrir gesti. Mælt er með því að helmingur hjólastæða við inngang séu yfirbyggð.

Mikilvægt er að læstu rýmin séu vel hönnuð með öryggi og traust í huga en einnig að þar séu góðar aðstæður eins og aðgengi að pumpu og verkfærum bæði fyrir íbúða og starfsmenn. Einnig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu til að hlaða rafmagnshjól sem og önnur raf-örflæðistæki. Einnig þarf að gera ráð fyrir rými fyrir deilihjól og rafmagnshlaupahjól auk rýmis fyrir rafskutlur í hjúkrunarheimilinu.

3.8 Stýring bílastæða

Mikilvægt er að líta á bílastæði á lóðum og við götukanta sem eitt kerfi. Ef byggt er lítið af bílastæðum innan lóðar t.d. vegna nálægðar við almenningssamgöngur, þá er mikilvægt að það sé ekki auðvelt aðgengi að gjaldfrjálsum bílastæðum á borgarlandi við götukanta, slíkt getur haft neikvæð áhrif á nærliggjandi götur og stuðlað að auknum akstri. Þar með er mikilvægt að ákveða hvernig bílastæðum á borgarlandi verður stýrt áður en uppbyggingu líkur til að stuðlað að góðri nýtingu borgarlands. Sjá umfjöllun um verklagsreglur um gjaldskyldu og hámarkstíma hér að neðan.

Reykjavíkurborg hvetur til þess að bílastæði fylgi ekki sjálfkrafa með íbúðum og atvinnuhúsnæði, heldur geti íbúar og fyrirtæki keypt eða leigt sér bílastæði. Stuðlað er að þessari þróun með samnýtingu bílastæða þar sem bílastæði þurfa að þjóna mismunandi notendum.

Reykjavíkurborg hefur sett fram tillögu að innleiðingu hámarkstíma svæða (Reykjavíkurborg, 2019). Þar eru settar fram verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða bílastæða á borgarlandi og eru sett viðmið um að ákjósanleg bílastæðanýting í sérhverri götu á borgarlandi og lóðum í eigu borgarinnar verði að jafnaði á bilinu 60-85% á þeim tímum sem gjaldskylda er. Byggt á gögnum sem aflað er um bílastæðanýtingu, gildir eftirfarandi í verklagsreglum:

a) Ef bílastæðanýting mælist yfir 85%:
    a. Verð er hækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá, og/eða
    b. Settar eru kvaðir um hámarkstíma
b) Ef bílastæðanýting mælist undir 60%:
    a. Verð er lækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá
c) Ef bílastæðanýting mælist á milli 60-85% helst verð gjaldskyldra bílastæða óbreytt

Tilgangurinn með þessum reglum er að stýra eftirspurn eftir bílastæðum. Þar sem eftirspurn er mikil og þar sem fá eða engin bílastæði eru laus (bílastæðanýting yfir 85%), er verð bílastæða hækkað eða settar eru kvaðir um hámarkstíma sem leggja má í bílastæði. Slíkar verðhækkanir/tímatakmarkanir geta haft margvísleg áhrif s.s. hvatt ökumenn til að dvelja í skemmri tíma, leggja í lengri í fjarlægð frá áfangastað þar sem gjald er lægra (eða engar tímatakmarkanir gilda), leggja í bílahúsum eða velja sér annan fararmáta. Ávinningurinn er bætt aðgengi að bílastæðum þar sem bílastæðanýting verður síður yfir 85% sem eykur líkur þess að ökumenn finni bílastæði nærri þeim áfangastað sem þeir sækja.

4 Heimildaskrá

Christiansen, P. (2016). *Household parking facilities: relationship to travel behaviour and car ownership.* SciensceDirect.

EEA. (28. Maí 2020). *CO2 emissions from new passenger cars.* Sótt 4. Júní 2020 frá http://co2cars.apps.eea.europa.eu/?source=%7B%22query%22%3A%7B%22match_all%22%3A%7B%7D%7D%2C%22display_type%22%3A%22tabular%22%7D

Karlsdóttir, L. G. (2016). *Ferðamynstur og ferðafjöldi Höfuðborgarsvæðið.* Reykjavík: Vegagerðin.

Küster, F., & Peters, M. (2018). *Making buildings fit for sustainable mobility. Comparing regulations for off-street bicycle and car parking in Europe.* Brussel: European cyclists federation.

NACTO. (2019). *Don't give up at the intersection.* NACTO.

Orkustofnun. (án dags.). *Orkustofnun*. Sótt 14. 12 2020 frá https://orkustofnun.is/eldsneyti/orkuskipti/

Reykjavíkurborg. (2019). *Bíla- og hjólastæðastefna.* Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg. (2019). *Skýrsla stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum. Tillögur um stýringu bílastæða.* Reykjavíkurborg.

Samgöngustofa. (3. 3 2021). *Slysakort*. (Samgöngustofa) Sótt 16. Janúar 2020 frá Slysakort: http://map.is/samgongustofa/#

SSH, & VSÓ. (2015). *Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Umferðarspá.* SSH.

SSH, Vegagerðin. (2021). *Borgarlína. 1.lota forsendur og frumdrög.* Reykjavík: SSH.

Vegagerðin, & SSH. (2017). *Ferðavenjukönnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins.* SSH.

VSÓ; SSH;. (2017). *Höfuðborgarsvæðið 2040. Umferðarspá fyrir 2030 vegna svæðisskipulagsbreytingar.* Reykjavík: SSH.

Ártúnshöfði
Svæði 1-4
Húsakönnun

Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir



Reykjavík 2021


Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 211

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Ártúnshöfði
Svæði 1-4
Húsakönnun

Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 211

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir

Mynd á forsíðu:
Loftmynd tekin yfir Ártúnshöfða í september 1985 (hluti).
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 RVK ÁRB 016 5-4. Ljósmyndari Kristján A. Einarsson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 211
Reykjavík 2021
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Efnisyfirlit

Formáli 3
1. Saga svæðisins 5
1.1 Afmörkun 5
1.2 Staðhættir og örnefni 7
1.3 Upphaf byggðar á svæðinu 8
1.3.1 Í landi Ártúns 8
1.3.2 Krossamýrarblettir 8
1.4 Uppbygging iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu 14
1.4.1 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 1 (1952-2010) 15
1.4.2 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 2 (1941-2010) 20
1.4.3 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 3 (1963-2010) 23
1.4.4 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 4 (1967-1972) 25
2. Skráning húsa og mannvirkja 27
2.1 Um lögbundna verndun og skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja 27
2.2 Um Húsaskrá Reykjavíkur 29
2.3 Húsaskrá – Ártúnshöfði 31
2.3.1 Ártúnshöfði – Svæði 1 33
2.3.2 Ártúnshöfði – Svæði 2 65
2.3.3 Ártúnshöfði – Svæði 3 85
2.3.4 Ártúnshöfði – Svæði 4 129
2.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki 143
2.4.1 Verndunarflokkar 143
2.4.2 Ártúnshöfði – Svæði 1-4: Samantekt 145
2.4.3 Verndarstaða húsa og mannvirkja á svæðinu gagnvart lögum 146
2.4.4 Ártúnshöfði – Svæði 1: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd 147
2.4.5 Ártúnshöfði – Svæði 2: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd 149
2.4.6 Ártúnshöfði – Svæði 3: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd 151
2.4.7 Ártúnshöfði – Svæði 4: Varðveislumat og tillögur um hverfisvernd 153
Heimildaskrá 157

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á norðvesturhluta *Ártúnshöfða* í Reykjavík. Könnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæðið. Kveðið er á um gerð húsakönnunar vegna deiliskipulags í 37. gr. **skipulagslaga nr. 123/2010**:[1]

> *Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.*

Ákvæði um skráningu menningarminja er jafnframt að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.[2]

Húsakönnunin er unnin samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu og gerð húsakannana. Þar er húsakönnun skilgreind sem „byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“[3] Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; annars vegar sögulegt yfirlit um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og hins vegar húsaskrá og mat á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur mat á varðveislugildi til eftirtalinna þátta: byggingarlistalegs gildis, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunaleika (upprunalegs gildis) og ástands. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi húsa.[4]

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er hluti af stærra svæði sem rammaskipulag fyrir Elliðaárvog-Ártúnshöfða tekur til, sem afmarkast nokkurn veginn af Vesturlandsvegi til suðurs, Elliðaárvogi til vesturs, strandlínu uppfyllinga við Elliðaárvog/Grafarvog til norðurs og Gullinbrú og Höfðabakka til austurs. Svæðið er skilgreint sem þróunarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (Þ87 – Elliðaárvogur-Ártúnshöfði).[5] Svæðinu sem hér er til umfjöllunar, norðvesturhluta Ártúnshöfða, hefur síðan verið skipt í fjögur deiliskipulagssvæði (sjá mynd 1) og eru þau öll til umfjöllunar hér.[6]

Apríl 2021,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.


---

[1] Skipulagslög nr. 123/2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: http://www.althingi.is → Lagasafn.
[2] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: http://www.althingi.is → Lagasafn.
[3] *Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2, bls. 4. Sjá vef Minjastofnunar: http://www.minjastofnun.is/ → Gagnasafn → Leiðbeiningarit.
[4] *Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun*, bls. 4 og 33-34.
[5] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. B-hluti - Skipulag borgarhluta, bls. 290.
[6] Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing“.

1. Saga svæðisins

1.1 Afmörkun

Hér fer á eftir umfjöllun um sögu og þróun byggðar á norðvesturhluta *Ártúnshöfða* í Reykjavík, en Ártúnshöfði er landsvæði sem gengur út á milli Elliðaárvogs og Grafarvogs. Svæðið sem hér er til umfjöllunar er hluti af stærra svæði sem rammaskipulag fyrir Elliðaárvog-Ártúnshöfða tekur til, sem afmarkast nokkurn veginn af Vesturlandsvegi til suðurs, Elliðaárvogi til vesturs, strandlínu uppfyllinga við Elliðaárvog/Grafarvog til norðurs og Gullinbrú og Höfðabakka til austurs.[7] Norðvesturhluta Ártúnshöfða hefur síðan verið skipt í fjögur deiliskipulagssvæði (sjá mynd 1) og eru þau öll til umfjöllunar hér.[8]



Mynd 1. Skipting svæðisins á Ártúnshöfða í fjögur deiliskipulagssvæði.[9]

[7] Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing".

[8] Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags svæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), útg. af Umhverfis og skipulagssviði, 6.12.2017. Sjá vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Tímabil: 29.12.2017-26.1.2018 / Leit: „Elliðaárvogur lýsing".

[9] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Ártúnshöfði – Svæði 1

Svæðið afmarkast til vesturs af strandlínu og til norðurs af línu sem dregin er í sveig meðfram brún klettaskálar og áfram til austurs gegnum lóðir nr. 11 við Eirhöfða og 11 og 11a við Breiðhöfða, meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, þá til suðurs í gegnum lóð Breiðhöfða 10 og áfram til austurs meðfram Stórhöfða. Til austurs afmarkast svæðið af línu sem dregin er eftir stíg milli lóða nr 15 og 17 við Funahöfða og til suðurs af línu sem dregin er meðfram suðurmörkum lóða við Funahöfða 9-15 og Breiðhöfða 7, áfram til suðurs eftir götunni Breiðhöfða og síðan í vesturátt meðfram lóðamörkum Þórðarhöfða 4 og áfram að Sævarhöfða. Innan svæðisins standa byggingar við göturnar Malarhöfða, Eirhöfða, Breiðhöfða, Þórðarhöfða og Funahöfða, sem og hluti bygginga sem tilheyra athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða á lóðinni Sævarhöfða 6-10. Svæði 1 einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf starfsemi þar var Steypustöðin hf. sem byrjaði að starfa á Malarhöfða 10 í byrjun sjötta áratugar 20. aldar.

Tekið skal fram að svæðum 1 og 2 er skipt á þann hátt að hluti af athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða við Sævarhöfða 6-10 fellur innan svæðis 1, en meginhluti af byggingum og mannvirkjum stöðvarinnar fellur innan svæðis 2. Því er fjallað um Malbikunarstöðina Höfða í kafla 1.4.2. hér á eftir um uppbyggingu og þróun byggðar á svæði 2. Þrjár byggingar sem tilheyra Malbikunarstöðinni, þ.e. hluti af grjótmulningsmannvirkjum (mhl. 23, 24 og 27), eru hins vegar skráðar undir svæði 1 í húsaskrá og varðveislumati.

Mörkin milli svæða 1 og 3 skipta einnig lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt og því er hluti húsa á þessum lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).

Ártúnshöfði – Svæði 2

Svæðið afmarkast til vesturs og norðurs af strandlínu og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem miðast við brún klettaskálar nálægt vesturmörkum lóðarinnar Þórðarhöfða 4 og norðurmörkum lóðarinnar Malarhöfða 10. Innan svæðisins eru hús við götuna Sævarhöfða. Svæðið einkennist af grófum iðnaði, aðallega tengdum Malbikunarstöðinni Höfða og Vörubílastöðinni Þrótti (áður Pípugerð Reykjavíkur). Iðnaður á svæðinu hófst upp úr 1945 í kringum grjót- og sandnám bæjarins.

Ártúnshöfði – Svæði 3

Svæðið afmarkast til vesturs af brún klettaskálar sem liggur vestan lóða við Eirhöfða, til norðurs af Sævarhöfða og til austurs af bogadreginni línu sem dregin er yfir opið svæði austan Svarthöfða, frá Sævarhöfða til Stórhöfða. Suðurmörk svæðisins miðast af götulínu Stórhöfða og línu sem sveigir til norðurs í gegnum lóðina Breiðhöfða 10, svo til vesturs meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, áfram til vesturs þvert yfir lóðamörk Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 og áfram vestur að brún klettaskálar. Innan svæðisins eru hús við göturnar Breiðhöfða, Eirhöfða, Eldshöfða, Svarthöfða og Stórhöfða. Svæðið einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf þar starfsemi var Ísaga árið 1964.


Þar sem mörkin milli svæða 1 og 3 skipta lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt, er hluti húsa á þessum lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).

Ártúnshöfði – Svæði 4

Svæðið afmarkast af strandlínu til vesturs og norðurs, fyrirhugaðri götu vestan núverandi Bryggjuhverfis (Tangarbryggju) til austurs og Sævarhöfða til suðurs. Svæði 4 einkennist af grófum iðnaði og byggingarnar á lóðunum tveimur, Sævarhöfða 31 og 33, tilheyra allar starfsemi þeirra fyrirtækja sem þar hafa starfað síðan á sjöunda áratugi 20. aldar; Björgun hf. og Sementsverksmiðju ríkisins.

1.2 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem skilgreint er í dag sem *Ártúnshöfði* tilheyrði á öldum áður tveimur bújörðum. Landið vestan í höfðanum tilheyrði *Ártúni* en austar var land *Árbæjar*. Svæðið einkennist af holtum og ásum, mýrum og ísaldarminjum sem eru sundurgrafnar vegna malarnáms. Vestan við Ártúnshöfða er *Elliðaárvogur*, þar sem nú er að mestu uppfylling. Á því svæði er gatan *Sævarhöfði,* en götunöfn á Ártúnshöfða hafa öll endinguna -höfði. Áður náði Elliðaárvogur inn að *Árkjöftum,* þar sem ósar *Elliðaánna* voru áður, en nú renna árnar til sjávar milli tveggja uppfyllinga. Eystri uppfyllingin hefur verið nefnd *Geirsnef.*



Mynd 2. Örnefni á svæðinu.[10]

Norðan og austan við Ártúnshöfða er *Grafarvogur*. Þar er líka mikil uppfylling en á henni var *Bryggjuhverfið* byggt. Svæðinu hallar til vesturs (*Ártúnsbrekka*) að *Elliðaánum* frá

[10] Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), sjá Borgarvefsjá: http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/. Heimildir um örnefni, sjá tilvísun 11. Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegar. Austan við Sævarhöfða voru gamlar malarnámur og norðar grjótnámur. Það land er allt hreyft. Að norðan er *Ytriurð*, hár grjótbakki sem liggur niður að uppfyllingunni út í Grafarvog. Austan við Gullinbrú var *Innriurð*. *Krossamýri* var stór mýrarfláki á miðjum Ártúnshöfða, þar sem nú er Breiðhöfði. Þar voru *Krossamýrarblettir*. Afrennsli frá mýrinni var til vesturs um *Krossagil* í Elliðaárvog. Austar á svæðinu var *Jörfi* og *Borgarmýri* við Vesturlandsveg (sjá mynd 3).[11]

1.3 Upphaf byggðar á svæðinu

1.3.1 Í landi Ártúns

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Svæðið sem hér er til umfjöllunar, Ártúnshöfði, tilheyrði að mestu jörðinni Ártúni, sem svæðið dregur nafn sitt af, en að hluta til einnig jörðinni Árbæ. Býlið Ártún stóð sunnan Vesturlandsvegar, austan við Elliðaár. Það var talið eign Neskirkju árið 1379 en varð síðar konungseign við siðaskipti. Á fyrri hluta 19. aldar seldi konungur flestar jarðirnar sem lágu að Elliðaánum og urðu þær þá bændaeign.[12] Ártún var í eigu Bretans H.A. Payne til 1906 þegar bæjarstjórn Reykjavíkur keypti jörðina vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda.[13]

1.3.2 Krossamýrarblettir

Vestan megin á Ártúnshöfða var mýrlendið Krossamýri sem tilheyrði landi Ártúns.[14] Ekki er kunnugt um hvernig nafngift staðarins kom til en leitt hefur verið að því líkum að nafnið hafi á einhvern hátt tengst Viðey og klausturhaldi þar.[15]

Árið 1933 var samþykkt í bæjarráði að úthluta landskikum úr Krossamýri til loðdýraræktar[16] og nokkrum árum síðar, frá 1936 til 1938, var löndum þar úthlutað til leigu eða erfðafestu. Löndin voru nefnd Krossamýrarblettir (sjá mynd 2). Vegur sem lá sunnan við blettina frá vestri til austurs, um það bil þar sem Vesturlandsvegur er nú, hét þá Mosfellssveitarvegur og var Krossamýrarvegur lagður frá honum til norðurs, þar sem nú er gatan Breiðhöfði.

Erfðafestublettir voru landskikar sem bæjaryfirvöld úthlutuðu til eignar gegn árlegri leigu og voru ætlaðir sem sumarbústaða- og ræktunarlönd. Ræktun jókst mikið í kjölfarið og bústofn Reykvíkinga stækkaði. Útdeiling erfðafestubletta úr landi Reykjavíkur hófst árið 1859 er lóðum næst þéttbýlinu í Kvosinni var úthlutað til ræktunar, en færðist svo að útjöðrum bæjarlandsins, eftir því sem það stækkaði. Þeir skilmálar hvíldu á erfðafestulandi að bærinn

[11] Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 175 og 180 – Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2).
[12] Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 65 – *Dagskrá*, 13.7.1898, bls. 1 – *Fjallkonan*, 15. árg. 1898, 45. tbl., bls. 180 – *Ísafold*, 28.5.1897, bls. 107; 9.6.1897, bls. 155; 12.11.1898, bls. 279 – *Ísland*, 2. árg. 1898, 30. tbl., bls. 120 – *Nýja öldin*, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl., bls. 232 – *Þjóðólfur*, 30.4.1897, bls. 84; 18.11.1898, bls. 216.
[13] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við sund*. 1. bindi (A-G), bls 71-72.
[14] *Þjóðólfur*, 28.4.1871, bls. 104.
[15] Páll Líndal: Reykjavík. *Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), bls. 72.
[16] *Nýja dagblaðið*, 7.12.1933, bls. 4.

gat endurheimt landið þegar á þurfti að halda vegna útþenslu byggðar.[17] Á flestum erfðafestulöndunum risu hús, sem sum hver standa enn í dag innan yngra skipulags, en önnur eru horfin.

Blettirnir sem úthlutað var í Krossamýri á árunum 1936-1938 voru 15 talsins (sjá mynd 2).



Mynd 3. Kortið sýnir númer og staðsetningu Krossamýrarbletta út frá núverandi skipulagi. Sá vegur sem áður lá frá vestri til austurs um það bil þar sem nú er Vesturlandsvegur, hét Mosfellssveitarvegur og var Krossamýrarvegur lagður frá honum til norðurs, þar sem nú er gatan Breiðhöfði (vestan við bletti 2-15, austan við blett 1).[18]


Einn af fyrstu íbúum á Krossamýrarblettum var Jón P. Dungal. Hann fékk leyfi til að reisa einlyft timburhús (tæplega 60 ferm.) á Krossamýrarbletti 1 árið 1936. Húsið bar nafnið *Hvammur*. Það sést á loftmynd af svæðinu frá 1946 (sjá mynd 4). Krossamýrarblettur 1 mun hafa verið stærsti bletturinn í Krossamýri en þar lagði Jón grunninn að trjálundi þar sem

[17] Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. *Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 47-53 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 63-69 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 40 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við sundin*, bls. 39 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund.* 2. bindi (H-P), bls. 126.

[18] Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hirsla II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverk hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.

ræktaðar voru ýmsar sjaldgæfar plöntur og stunduð rósarækt.[19] Jón hlaut viðurkenningu frá Fegrunarfélaginu í Reykjavík árið 1954 fyrir garð sinn en trjálundur hans er uppistaðan í fyrsta áfanga lystigarðs B.M. Vallár, nú að Bíldshöfða 7, sem kallaður er *Fornilundur*.[20] Norðan við Hvamm, einnig á Krossamýrarbletti 1, var loðdýrarækt en Sig. Arnalds auglýsti starfsemina talsvert í dagblöðum og kvaðst meðal annars taka að sér silfurrefi til fóðurs og gæslu. Fyrstu auglýsinguna má finna í dagblaðinu *Vísi* frá 1936.[21] Óvíst er hvenær loðdýraræktinni lauk á blettinum en íbúðarhúsið Hvammur og útihús sem þar stóð voru rifin samkvæmt leyfi sem byggingarnefnd samþykkti árið 1984.[22]

Búið var á að minnsta að kosti sex blettum í Krossamýri og voru margir íbúar þar með búskap. Má þar meðal annars nefna Krossamýrarblett 14, en þar bjó Þorkell Einarsson með fjölskyldu sinni í um það bil 20 ár (sjá mynd 4). Þorkell, sem var húsasmíðameistari, reisti einnig trésmíðaverkstæði og hesthús á lóð sinni. Meðfram trésmíðinni rak hann búskap með fáeinum kindum, kúm og hestum.[23]



Mynd 4. Á korti breska hersins frá 1941 sést staðsetning Ártúnshöfða og upphaf byggðar á Krossamýrarblettum (ferkantaðir skikar fyrir miðju). Sunnan við blettina má sjá Mosfellsveg, sem liggur frá vestri til austurs (þar sem Vesturlandsvegur er nú).[24]

[19] *Morgunblaðið*, 1.8.1995, bls. 12.
[20] *Tíminn*, 30.9.1954, bls. 8.
[21] *Nýja dagblaðið*, 22.11.1936, bls. 4.
[22] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B). Krossamýrarblettur 1 (B/3204).
[23] *Morgunblaðið*, 20.6.2003, bls. 38.
[24] Borgarsögusafn Reykjavíkur: Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni). Kortasafn. Kort af Reykjavík og Hafnarfirði 1941 (1:25.000), unnið af kortadeild breska hersins (Geographical Section, General Staff, no. 4186), útg. af War Office 1941. Sjá teikningavef skjalavers Reykjavíkurborgar: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Borgarsögusafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1941.



Mynd 5. Krossamýrarblettur 14, hús Þorkels Einarssonar. Landið var tekið úr erfðafestu árið 1966.[25]



Mynd 6. Horft yfir Krossamýrarbletti á loftmynd frá 6. mars 1946. Efst á myndinni má sjá sex loftskeyta-möstur og vestan við þau, fyrir endanum á Krossamýrarbletti 1, bragga sem hafa að öllum líkindum tengst herskálahverfi frá tímum seinni heimsstyrjaldar. Vestanvert á Krossamýrarbletti 1 er húsið Hvammur og hús undir loðdýraræktina sjást ummerki um grjót- og sandnám bæjarins.[26]

[25] Ljósmynd í einkaeigu. Afrit í fórum Borgarsögusafns Reykjavíkur, skráð í fornleifaskrá, nr. 181182-33, sjá Sarp - Menningarlegan gagnagrunn: sarpur.is. Ljósmyndari ókunnur.
[26] Ljósmyndasafn Reykjavíkur ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

Erfðafestublettir á svæðinu

Heiti og númer lands	Upphafleg notkun	Byggingarár	Núverandi staða
Krossamýrarblettur 1	*Hvammur* / íbúðar- og útihús Loðdýraræktar Sig. Arnalds	1933-1936	Horfið Fornilundur nú Bíldshöfði 7 Horfið
Krossamýrarblettur 2	Óbyggt, notkun ókunn		
Krossamýrarblettur 3	Óbyggt, notkun ókunn		
Krossamýrarblettur 4	25 fm hús og geymsluskúr, fjós og hlaða, byggt í óleyfi. Stærra hús byggt með leyfi.	?	Horfið
Krossamýrarblettur 5	Óbyggt, notkun ókunn		
Krossamýrarblettur 6	Íbúðarhús	1948	Horfið
Krossamýrarblettur 7	Sumarhús og íbúðarhús / *Sorpeyðingarstöðin*	1952 / 1958	Horfið
Krossamýrarblettur 8	*Byggingariðjan* / verksmiðja (fluttist yfir á Krossamýrarblett 7)	1963	Verksmiðja stendur enn, nú við Breiðhöfða 10
Krossamýrarblettur 9	Íbúðarhús	<1951	Horfið
Krossamýrarblettur 10	Sumarhús / síðar *Sorpeyðingarstöðin*	1939 / 1958	Horfið
Krossamýrarblettur 11	Ræktun		
Krossamýrarblettur 12	Ræktun		
Krossamýrarblettur 13	Skúrar	<1942	Horfið
Krossamýrarblettur 14	Íbúðar- og hesthús ásamt smíðaverkstæði	1944	Horfið
Krossamýrarblettur 15	Íbúðarhús og verkstæðishús/ bifreiðarskýli (Þungavinnuvélar hf.) síðar Bíldshöfði 12-14	1961	Horfið

Í mörgum tilfellum var erfðafesturétturinn á Krossamýrarblettum framseldur frá manni til manns og ekki byggt á löndunum fyrr en nokkru eftir að þeim var úthlutað. Samkvæmt samþykktum teikningum af byggingum sem byggðar voru á Krossamýrarblettum má sjá að yfirleitt var um að ræða minni íbúðarhús eða sumarhús ýmist úr timbri eða steinsteypu, reist á árunum 1936-1963. Nokkuð var um umsóknir handhafa erfðafestulanda að nýbyggingum eða stækkun húsa. Flestum umsóknanna var synjað og var því nokkuð um ósamþykktar minni byggingar og skúra.

Upp úr 1950 fór að bera á iðnaði á Krossamýrarblettunum og má ætla að það hafi verið fyrsti vísirinn að þeim iðnaði sem við þekkjum á Ártúnshöfðanum í dag. Iðnaðarstarfsemin átti ekki alltaf samleið með íbúðarhúsunum sem fyrir voru. Til að mynda var Sorpeyðingarstöðin (fyrirrennari SORPU) staðsett á Krossamýrarblettum 7 og 10 (síðar Stórhöfði) á árunum 1958-1978 (sjá mynd 6). Sorpeyðingarstöðin var því mitt á milli bletta númer 6 og 11 og 8 og 9, þar sem voru meðal annars íbúðarhús. Í Sorpeyðingarstöðinni var tekið við úrgangi af höfuðborgarsvæðinu og hann flokkaður. Lífrænn úrgangur fór í gerjun og

úr honum búinn til skarni sem notaður var sem áburður. Mest af úrganginum fór í malargryfjur við Vesturlandsveg, Grafarvog, Ártún og Geirsnef.[27] Sorpeyðingarstöðin olli íbúum á Krossamýrarbletti 9 töluverðum óþægindum sökum mengunar, líkt og kemur fram í bréfaskriftum íbúa og bæjarráðs Reykjavíkur frá 1959, þar sem er meðal annars bent á að áburði úr úrgangi hafi verið sturtað fyrir framan lóðir með þeim afleiðingum að drykkjarvatn hafi spillst.[28]



Mynd 7. Sorpeyðingarstöðin í Krossamýri (nú Stórhöfða), sem var í notkun frá 1958-1978.[29]

Af bréfaskriftunum íbúa og bæjarráðs má jafnframt ætla að herbúðir hafi verið í kringum svæðið en í bréfi frá 1976 segir: „Tilraunir munu hvorki hafa verið gerðar til að rækta, girða né byggja landið, og er það því með sömu ummerkjum og það var í útvísuninni. Herbúðir á og við landið, hafa hamlað framkvæmdunum.“[30] Hér er að öllum líkindum átt við leifar eftir veru setuliðsins en sjá má möstur og bragga frá árum síðari heimstyrjaldar, 1940-1945, á loftmynd af svæðinu frá 1946 (sjá mynd 4). Ætla má að nokkrir herkampar hafi verið staðsettir í landi Ártúns og að einn þeirra hafi verið í Krossamýri.[31]

Árið 1963 var erfðafestuhöfum sagt upp samningi sínum og upp úr 1970 voru flest húsanna fjarlægð. Undanskilinn var Krossamýrarblettur 15 (nú Bíldshöfði 12-14), þar sem Þungavinnuvélar hf. höfðu verið með verkstæðishús, og Krossamýrarblettur 7 (nú Breiðhöfði 10), þar sem Byggingariðjan (nú Einingaverksmiðjan) er til húsa. Strengjasteypuverksmiðjubygging Einingaverksmiðjunnar (Breiðhöfði 10, mhl. 01) er eina húsið frá tíð Krossamýrarbletta sem stendur enn innan núverandi skipulags.

[27] *Ársskýrsla SORPU 2011*, bls. 19. Sjá heimasíðu Sorpu: http://www.sorpa.is → Útgefið efni → Eldri ársskýrslur → Ársskýrsla 2011 → https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf. Sótt: 6.4.2021.
[28] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Krossamýrarblettur 9 (E/537).
[29] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 029 054 2-2. Ljósmyndari Pétur Thomsen.
[30] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Krossamýrarblettur 9 (E/537).
[31] Árni Hjartarson og Helgi M. Sigurðsson: *Elliðaárdalur. Perla Reykjavíkur*, bls. 154.

1.4 Uppbygging iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu


Saga Ártúnshöfða í þeirri mynd sem hann er í dag nær aftur til sjöunda áratugar 20. aldar en þá kom út *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83.* Í því var gerð grein fyrir staðsetningu á fyrirhuguðum iðnaðarsvæðum í borginni. Gert var ráð fyrir að iðnaðarhverfi risi á Ártúnshöfða, milli Grafarvogs og háspennulínu norðan Árbæjarhverfis (sjá mynd 7). Samkvæmt skipulaginu var miðhluta Ártúnshöfða skipt í litlar iðnaðarlóðir. Nær Vesturlandsvegi voru lóðirnar nokkuð stærri eða um 1ha. Ráðgert var að reisa knattvelli og hverfismiðstöð með verslunum, veitingastofum og barnagæslu í hverfinu og áttu götunöfn að vísa til þeirrar iðnaðarstarfsemi sem þar átti að verða, svo sem Hamarshöfði, Smiðshöfði, Bíldshöfði, Vagnhöfði og svo framvegis.[32] Öll götunöfn á Ártúnshöfða enda á -höfði.



Mynd 8. Myndin sýnir áætlun um notkun borgarlandsins í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-1983. Blágrái liturinn sýnir fyrirhuguð iðnaðar- og vörugeymslusvæði á og við Ártúnshöfða.[33]

Í fyrstu gekk heldur hægt að koma fyrirtækjum á Ártúnshöfða þar sem þau vildu heldur lóðir og athafnasvæði vestan Elliðaáa, í grennd við helstu íbúðarhverfi borgarinnar. Var byggðin því nokkuð dreifð. Það rættist engu að síður úr aðsókninni enda buðu lóðirnar við Ártúnshöfða upp á hagkvæmt athvarf fyrir iðnrekendur sem höfðu rekið starfsemi sína í bílskúrum eða við ófullnægjandi skilyrði. [34] Líkt og mynd 8 gefur til kynna var iðnaðarhverfið á Ártúnshöfða farið að líkjast því sem við þekkjum í dag á 8. og 9. áratug 20. aldar en þá voru Krossamýrarblettir ekki lengur sjáanlegir. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þróun uppbyggingar á deiliskipulagssvæðunum fjórum á Ártúnshöfða, svæði 1, 2, 3, og 4.

[32] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 193.
[33] *Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016,* brot úr korti yfir landnotkun.
[34] Páll Líndal: *Reykjavík. Byggðarstjórn í þúsund ár*, bls. 107-108 og 218-219.



Mynd 9. Loftmyndir teknar á árunum 1954-1990 sem sýna þróun uppbyggingar á svæðunum fjórum á Ártúnshöfða. Hvert deiliskipulagssvæði hefur sinn lit en lituðu byggingarnar tákna núverandi hús og mannvirki á svæðinu sem höfðu verið reist á þeim tíma þegar hver loftmynd var tekin.[35]

1.4.1 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 1 (1952-2010)

Svæðið afmarkast til vesturs af sjávarlínu og til norðurs af línu sem dregin er í sveig meðfram brún klettaskálar og áfram til austurs gegnum lóðir nr. 11 við Eirhöfða og 11 og 11a við Breiðhöfða, meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, þá til suðurs í gegnum lóð Breiðhöfða 10 og áfram til austurs meðfram Stórhöfða. Til austurs afmarkast svæðið af línu sem dregin er eftir stíg milli lóða nr 15 og 17 við Funahöfða og til suðurs af línu sem dregin er meðfram suðurmörkum lóða við Funahöfða 9-15 og Breiðhöfða 7, áfram til suðurs eftir götunni Breiðhöfða og síðan í vesturátt meðfram lóðamörkum Þórðarhöfða 4 og áfram að Sævarhöfða. Innan svæðisins standa byggingar við göturnar Malarhöfða, Eirhöfða,

[35] Loftmyndir úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), Borgarvefsjá: http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun. Sótt 12.7.2018. Kortavinnsla: Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Breiðhöfða og Funahöfða, sem og hluti bygginga sem tilheyra athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða á lóðinni Sævarhöfða 6-10.[36]

Uppbygging á svæði 1 hófst á fyrri hluta sjötta áratugarins með starfsemi Steypustöðvarinnar að Malarhöfða 10 (áður Sævarhöfði 4). Steypustöðin var frumkvöðull í Evrópu í því að framleiða steypu í steypubifreiðum og ruddi þannig brautina í mannvirkjagerð á Íslandi á hinum mikla uppgangstíma eftir lok síðari heimstyrjaldar. Fyrirtækið, sem núverandi starfsemi byggist á, var stofnað 1947 og er meginstarfsemi þess er enn sú sama, framleiðsla á blautsteypu og hellum.[37]



Mynd 10. Steypustöðin hóf starfsemi árið 1947 og var frumkvöðull í Evrópu í að framleiða steypu í steypubifreiðum.[38] Á myndinni má sjá matshluta 07 sem er aðflutt sænsk steypustöð (kölluð stöð nr. 2), reist árið 1964.

Í dag eru tíu byggingar og mannvirki á lóðinni Malarhöfða 10, þar á meðal geymslur, steypustöðvar, síló, afgreiðslubygging, verkstæði og rannsóknar- og skrifstofuhúsnæði.

Elsta húsið á lóð Steypustöðvarinnar og á svæði 1, matshluti 05, var reist sem vélaverkstæði árið 1952 samkvæmt Fasteignaskrá. Ekki finnast upprunalegar teikningar af húsinu, sem hefur tekið þó nokkrum breytingum. Upphafleg notkun hússins hefur engu að síður haldist sú sama í grunninn, en í dag eru múrverslun og verkstæði í húsinu. Óvíst er hvort vélaverkstæðishúsið hafi verið fyrsta húsið sem reist var á lóðinni en sjá má aðra byggingu sem stóð andspænis því (þar sem matshluti 04 er í dag) á loftmynd frá 1954. Samkvæmt munnlegri heimild starfsmanns Steypustöðvarinnar mun það hafa verið fyrsta steypustöðin sem reis á lóðinni en sú steypustöð var síðar flutt á Selfoss.[39]

Líkt og sjá má á mynd 8, sem sýnir uppbyggingu á svæði 1, var einungis búið að reisa byggingar á tveimur lóðum á svæðinu árið 1965. Annars vegar á lóð Steypustöðvarinnar að

[36] Fjallað er um Malbikunarstöðina Höfða í kafla 1.4.2 hér á eftir um uppbyggingu og þróun byggðar á svæði 2. Hins vegar falla þrjár byggingar sem tilheyra Malbikunarstöðinni, þ.e. hluti af grjótmulningsmannvirkjum (mhl. 23, 24 og 27) innan svæðis 1 og eru skráðar undir svæði 1 í húsaskrá og varðveislumati. Mörkin milli svæða 1 og 3 skipta einnig lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 í tvennt og því er hluti húsa á þeim lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3 (sjá húsaskrá og varðveislumat).


[37] Vefur Steypustöðvarinnar: http://www.steypustodin.is → Um okkur → Saga Steypustöðvarinnar ehf. og Loftorku ehf. Sótt 6.6.018.

[38] Upplýsingar og mynd af vef Steypustöðvarinnar: http://www.steypustodin.is → Um okkur → Saga Steypustöðvarinnar ehf. og Loftorku ehf. Sótt 6.6.018.

[39] Munnleg heimild: Árni Ragnarsson, verkstæðisformaður Steypustöðvarinnar, dags. 14.6.18.

Malarhöfða og hins vegar á lóð Byggingariðjunnar (nú Einingaverksmiðjan) að Breiðhöfða 10 (áður Krossamýrarbletti 7). Byggingariðjan sérhæfði sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingarframkvæmda og var á meðal fyrstu fyrirtækja á landinu sem framleiddu steinsteypueiningar, þá aðallega fyrir iðnaðarhús en einnig íbúðarhús og skóla.[40] Núverandi fyrirtæki á lóðinni, Einingaverksmiðjan, byggðir á hinni upphaflegu starfsemi Byggingariðjunnar og sinnir samskonar framleiðslu, en Byggingariðjan varð gjaldþrota árið 1993.[41]




Framleiðsla á strengjasteypubitum á 75 m löngum spennibekk (Byggingariðjan hf.).

Myndir 11 og 12. T.v.: Auglýsingar fyrstu fyrirtækjanna á svæði 1, Steypustöðvarinnar og Byggingariðjunnar hf., í *Tímariti Verkfræðingafélags Íslands* 1959. T.h.: Mynd úr umfjöllun í tímaritinu *Iðnaðarmálum* frá 1960.[42]

Elsta byggingin á lóð Einingaverksmiðjunnar er strengjasteypuverksmiðja (mhl. 01), en hún var hönnuð af einum af stofnendum Byggingariðjunnar og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Helga Hannesi Árnasyni verkfræðingi. Teikningar Helga af verksmiðjunni eru frá 1961 og var hún brunavirt árið 1963. Samkvæmt Fasteignaskrá er byggingarár verksmiðjunnar 1967 en ljóst er að byggingin var risin fyrir þann tíma. Líkt og fram kom í kafla 1.2.3 þar sem fjallað er um Krossamýrarbletti, hóf Byggingariðjan starfsemi á blettunum í upphafi 6. áratugarins en strengjasteypuverksmiðjubyggingin er eina húsið af þeim sem byggð voru á Krossamýrarblettum sem enn stendur innan núverandi byggðar. Ólíklegt er að strengjasteypuverksmiðjan hafi verið fyrsta húsið sem reist var fyrir starfsemina en samkvæmt brunavirðingum frá árinu 1963 tilheyrðu tvö verksmiðjuhús, skrifstofuhús og mötuneyti þá starfseminni á lóðinni. Myndir og auglýsingar í tengslum við starfsemi Byggingariðjunnar frá

[40] *Morgunblaðið*, 27.4.1990, bls 12-13.
[41] *Dagblaðið Vísir*, 21.5.1993, bls. 6.
[42] *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 1.2.1959, bls. 14 – Mynd: *Iðnaðarmál*, 1.4.1960, bls. 55.

1959 og 1960 renna enn frekari stoðum undir þá ályktun, en á þeim má meðal annars sjá inn í verksmiðjuskála Byggingariðjunnar (sjá myndir 13 og 14).[43]

Þrátt fyrir stóra lóð Einingaverksmiðjunnar standa einungis tvær byggingar á henni í dag. Fyrir utan strengjasteypuverksmiðjuna stendur þar skrifstofu- og þjónustubygging (mhl. 02), hönnuð af Dagnýju Helgadóttur arkitekt, sem er dóttir Helga Hannesar, eins af stofnendum Byggingariðjunnar og hönnuðar strengjasteypuverksmiðjunnar. Byggingin er óvenjuleg að því leyti að inn í hana er felld spennistöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 1968. Ætla má að bygging hússins hafi tekið þó nokkurn tíma frá því hún var fyrst samþykkt árið 1983 en byggingarár hennar samkvæmt Fasteignaskrá er 1997. Í tímariti Dagsbrúnar frá 1989, þar sem fjallað var um starfsemi Steypustöðvarinnar og Byggingariðjunnar, kom meðal annars fram að starfsmannaaðstaða Byggingariðjunnar væri hrörleg sökum þess hversu lengi skrifstofu- og þjónustubyggingin hefði verið í byggingu. Ástæðan fyrir seinaganginum, að sögn forstöðumanns fyrirtækisins á þeim tíma, voru „hreinlega blankheit“.[44]



Grunnur skrifstofu- og mötuneytishúss Byggingariðjunnar hefur staðið svona óbreyttur í sjö ár. Ellefu ár eru liðin síðan teikningar þessa húss voru samþykktar af borgaryfirvöldum — en enn hefur ekki meira verið gert.



„Eldhús“ starfsmanna Byggingariðjunnar. Þar er kaffi á könnunni og hægt að fá upphitaða skyndibita í hádeginu.



Tveir starfsmenn Byggingariðjunnar lofta út af útikamrinum, sem er áfastur kofanum þar sem kaffistofa þeirra er.

Myndir 13, 14 og 15. Ófullnægjandi starfsmannaaðstaða Byggingariðjunnar fyrir tíð þjónustu- og skrifstofubyggingarinnar var til umfjöllunar í tímariti Dagsbrúnar árið 1989, en á þeim tíma var kaffistofa fyrir 30 starfsmenn í kofa með áföstum útikamri.[45]

Þrátt fyrir fremur hæga uppbyggingu fyrst um sinn á svæði 1 fór það að taka á sig frekari mynd í lok 7. áratugarins og í upphafi þess 8. þegar þar risu geymsluskemmur Vélamiðstöðvar Reykjavíkurborgar að Þórðarhöfða 4 (áður Breiðhöfði 7), vörugeymslur Vatnsveitu Reykjavíkur að Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) og röð iðnaðarhúsa við Funahöfða.

Geymsluskemmurnar að Þórðarhöfða 4 eru tólf sambyggðar bogaskemmur byggðar á árunum 1965-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Skemmunum var ætlað að hýsa efni og áhöld fyrir starfsemi borgarinnar. Jafnframt var ætlunin að leigja einhverjar skemmur út, líkt og fram kemur í umfjöllun um uppbyggingu Ártúnshöfða í *Vísi* 11. ágúst 1965. Skemmurnar eru enn í notkun sem geymslur fyrir hina ýmsu starfsemi.

[43] *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 1.2.1959, bls. 14 – *Iðnaðarmál*, 1.4.1960, bls. 55.
[44] *Dagsbrún*, 1.5.1989, bls. 8-9.
[45] *Dagsbrún*, 1.5.1989, bls. 8-9.

Meðal bygginga sem reistar voru fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur á svæðinu á sjötta og sjöunda áratugnum eru tvær vörugeymslur með bogaþaki, teiknaðar af Magnúsi Skúlasyni arkitekt á árunum 1970-1972 (Eirhöfði 11, mhl. 02 og 04). Vörugeymslurnar urðu síðar þrjár (mhl. 06, miðjuskemman, bættist við 1987) en ein þeirra, mhl. 04, sem stendur vestast, mun byggð að hluta til úr efni úr íþróttahúsinu *Hálogalandi*. Íþróttahúsið var byggt um 1943 fyrir hernámslið Bandaríkjamanna og stóð þar sem gatan Skeiðarvogur liggur nú til norðausturs frá Suðurlandsbraut.[46]



Mynd 16. Mynd af geymsluskemmum Reykjavíkurborgar við Þórðarhöfða 4, teknar í ágúst 2019.[47]

Skemmurnar standa sem óvenjuleg heild annars dæmigerðra iðnaðarhúsa, bæði vegna sögulegs gildis og óvenjulegrar samsetningar í byggingarstíl, en í miðjuskemmunni (mhl. 06) gætir póstmóderníska áhrifa. Í dag eru bílasölur með starfsemi í skemmunum og tilheyra þær því ekki lengur starfsemi Vatnsveitunnar.

Uppbyggingin sem átti sér stað í upphafi áttunda áratugarins á svæði 1 átti í raun við um allt iðnaðarhverfið á Ártúnshöfða, en frá þeim tíma fór það að byggjast hraðar upp og varð fljótt með stærstu iðnaðarhverfum borgarinnar. Til að mynda voru fyrirtæki á Ártúnshöfða um það bil 120 árið 1977 og starfsmenn þeirra um 3000.[48] Byggðin sem reis á þessum árum (1970-1980) er líklega hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða, þar sem samfelldar og reglufastar raðir iðnaðarhúsa mynda heilsteyptar götumyndir. Iðnaðarhúsin sem standa við Funahöfða á svæði 1 eru gott dæmi um slíkt.

[46] Helga Maureen Gylfadóttir o.fl.: *Húsakönnun. Vogahverfi.* Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 151, bls. 22.
[47] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VAT 0012 (hluti). Ljósmyndari: Valdimar Thorlacius. Mynd úr verkefninu „Myndræn skráning - borg í breytingum“ sem unnið var fyrir Borgarsögusafn og Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur 2019-2020.
[48] Páll Líndal: *Reykjavík. Byggðarstjórn í þúsund ár*, bls. 107-108 og 218-219.

1.4.2 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 2 (1941-2010)

Svæði 2 á Ártúnshöfða er vestast af þeim deiliskipulagssvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Svæðið afmarkast til vesturs og norðurs af strandlínu og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem miðast við brún klettaskálar nálægt vesturmörkum lóðarinnar Þórðarhöfða 4 og norðurmörkum lóðarinnar Malarhöfða 10.

Svæðið er eitt af elstu iðnaðarsvæðunum á Ártúnshöfðanum en þar hófst uppbygging í kringum grjót- og sandnám bæjarins á fyrri hluta 5. áratugarins. Á loftmynd af svæðinu frá 1954 má sjá skúra sem tilheyrðu starfsemi á svæðinu, en ætla má að ýmsar geymslur og skúrar hafi verið flutt þangað í kjölfar vaxandi iðnaðar á Ártúnshöfðanum. Elsta húsið á svæði 2 er dæmi um slíkt, Sævarhöfði 6-10, matshluti 16, en það mun vera gamall grjótmulnings-skúr, byggður 1941 samkvæmt Fasteignaskrá. Húsið er annað af tveimur eldri húsum af deiliskipulagssvæðunum sem standa innan um þá byggð sem tilheyrir núverandi skipulagi (2021) og sjást á loftmynd frá 1954 (sjá mynd 8). Önnur mannvirki og hús frá þeim tíma hafa verið fjarlægð, svo sem grjótmulningsvél (sjá mynd 17) sem stóð þar sem „nýja grjótmulningsstöðin“ svokallaða stendur í dag. Nústandandi grjótmulningshúsi (mhl. 22) svipar til eldri grjótmulningsvélarinnar í útliti og notkun.



Mynd 17. Grjótmulningsvél við grjót- og sandnám Reykjavíkurbæjar árið 1944.[49]

Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti og var starfrækt á Ártúnshöfða, en grjótið sem þar var notað við framleiðslu var meðal annars sprengt við Elliðaárvog en síðar í grjótnámi Reykjavíkurborgar í Selási.[50] Grjótið frá Selási var flutt á

[49] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 1-2. Ljósmyndari óþekktur.
[50] *Vísir*, 11.8.1965, bls. 8.

stórum vögnum í Grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða. Þar tók við vinnsluferli í grjótmulningsstöð sem samanstendur af fjórum byggingum sem tengjast með færibandi, byggðar 1961 eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings. Grjótmulningsshúsin í grjótmulningsstöðinni eru einstök í borgarsögunni, meðal annars vegna þess að þar er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi. Grjótið sem mulið var í grjótmulningshúsunum var meðal annars notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Starfsemin sem fram fór í húsunum hefur því sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni.



Mynd 18. Horft yfir athafnasvæði Grjótnáms Reykjavíkur (1960-1965). Í forgrunni má sjá grunn að byggingu Pípugerðar Reykjavíkurborgar sem reist var 1965. Fyrir miðri mynd má sjá „nýju grjótmulningsstöðina“ sem samanstendur af fjórum húsum sem tengjast með færibandi. Í baksýn sést athafnasvæði Steypustöðvarinnar að Malarhöfða.[51]

Í kjölfar starfsemi grjót- og sandnáms bæjarins hóf Malbikunarstöð Reykjavíkur störf á Sævarhöfða 6-10 árið 1963. Malbikunarstöð Reykjavíkur framleiddi bæði viðgerðar- og nýbyggingarefni fyrir Reykjavíkurborg en þar var einnig selt malbik til einstaklinga og fyrirtækja.[52] Nú starfar á lóðinni Malbikunarstöðin Höfði en hún varð til við samruna borgarfyrirtækjanna Grjótnáms Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðvarinnar. Malbikunarstöðin Höfði er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf.[53] Malbikunarstöðin Höfði framleiðir meðal annars malbik, grjótmulning, ofaníburð og önnur möluð steinefni. Líkt og sjá má á mynd 8 af þróun uppbyggingar á svæðinu voru mannvirki í tengslum við starfsemi Malbikunarstöðvarinnar aðallega reist á árunum 1963-1982. Ber þá helst að nefna

[51] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 1997 75 158. Ljósmyndari ókunnur.
[52] *Vísir*, 11.8.1965, bls. 9.
[53] Vefur Malbikunarstöðvarinnar Höfða: https://malbik.is → Fyrirtækið. Sótt 24.2.2018.

færanlegar malbikunarstöðvar frá Via Nova í Danmörku og skrifstofuhús (vigtunarhús) sem reist var 1982 eftir teikningum Hauks Viktorssonar arkitekts.



Mynd 19. „Nýja grjótmulningsstöðin“ árið 2019.[54]

Önnur fyrirtæki fylgdu eftir og fluttu starfsemi sína á svæði grjótnámsins. Pípugerð Reykjavíkur reisti veglega verksmiðju norðan við Malbikunarstöðina, að Sævarhöfða 12, árið 1965. Nýju verksmiðjunni var ætlað að framleiða steinsteyptar pípur og holræsabrunna.[55] Með tilkomu Pípugerðarinnar var stigið stórt skref fram á við í pípugerð á Íslandi. Vélabúnaður var innfluttur og nútímalegur, ásamt því sem vinnutilhögun var með betri hætti en tíðkast hafði.[56]

Sum 15 PAH without naphthalene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05		mg/kg dw	(n. c.) [1)]	(n. c.) [1)]	0.08
Org. sum parameters from the shaken 10:1 eluate acc. to DIN EN 12457-4: 2003-01								
AOX	FR	JE02	DIN EN ISO 9562 (H 14): 2005-02	0.05	mg/l	-	-	-
AOX	FR	JE02	DIN EN ISO 9562 (H 14): 2005-02	0.5	mg/kg dw	-	-	-

				Description		3215
				Sample number		620034052
Parameter	**Lab**	**Accr.**	**Method**	**LOQ**	**Unit**	
Physico-chemical parameters from the original substance						
Dry matter	FR	JE02	DIN EN 14346: 2007-03	0.1	% (w/w)	80.8
Elements from the aqua regia digestion according to DIN EN 13657: 2003-01#						
Aluminium	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	10	mg/kg dw	46700
Barium (Ba)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	2	mg/kg dw	33
Beryllium (Be)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	0.2	mg/kg dw	0.3
Lead (Pb)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	2	mg/kg dw	2
Boron (B)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	2
Cadmium (Cd)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	0.2	mg/kg dw	< 0.2
Cerium (Ce)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	0.1	mg/kg dw	17
Chromium (Cr)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	61
Cobalt (Co)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	38
Iron (Fe)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	5	mg/kg dw	60100
Copper (Cu)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	116
Lanthanum (La)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	0.1	mg/kg dw	5.9
Lithium (Li)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	5	mg/kg dw	< 5
Manganese (Mn)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	801
Molybdenum (Mo)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	2	mg/kg dw	< 2
Nickel (Ni)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	150
Phosphorus	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	10	mg/kg dw	622
Mercury (Hg)	FR	JE02	DIN EN ISO 12846 (E12): 2012-08	0.07	mg/kg dw	< 0.07
Scandium (Sc)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	0.5	mg/kg dw	11
Silver (Ag)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	5	mg/kg dw	< 5
Strontium (Sr)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	2	mg/kg dw	105
Titanium (Ti)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	2	mg/kg dw	3760
Vanadium (V)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	119
Yttrium (Y)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	13
Zinc (Zn)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	1	mg/kg dw	80
Tin (Sn)	FR	JE02	DIN EN ISO 17294-2: 2005-02	3	mg/kg dw	< 3
Elements from the borate digestion acc. to DIN ISO 14869-2: 2003-01						
Zirconium as ZrO2	FR	JE02	DIN EN ISO 11885 (E22): 2009-09	0.1	% (w/w) dm	< 0.1

				Description		3215
				Sample number		620034052
Parameter	**Lab**	**Accr.**	**Method**	**LOQ**	**Unit**	
Organic sum parameters from the original substance						
TOC (total organic carbon)	FR	JE02	DIN EN 13137 (S30): 2001-12	0.1	% (w/w) dm	0.8
AOX	FR	JE02	DIN 38414-18: 2017-12	10	mg/kg dm	34
TPH total C5-C10 (petrol fraction)	AN/o	LG004	Internal Method according to BAFU (GCMS)	1.0	mg/kg dw	< 1.0
Nonpolar TPH C10-C22	FR	JE02	DIN EN 14039: 2005-01/LAGA KW/04: 2009-12	40	mg/kg dw	< 40
Nonpolar TPH C10-C40	FR	JE02	DIN EN 14039: 2005-01/LAGA KW/04: 2009-12	40	mg/kg dw	< 40
BTEX and aromatic hydrocarbons from the original substance						
Benzene	FR	JE02	HLUG HB Bd.7 Teil 4: 2000-08	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Toluene	FR	JE02	HLUG HB Bd.7 Teil 4: 2000-08	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Ethylbenzene	FR	JE02	HLUG HB Bd.7 Teil 4: 2000-08	0.05	mg/kg dw	< 0.05
m-/-p-Xylene	FR	JE02	HLUG HB Bd.7 Teil 4: 2000-08	0.05	mg/kg dw	< 0.05
o-Xylene	FR	JE02	HLUG HB Bd.7 Teil 4: 2000-08	0.05	mg/kg dw	< 0.05
BTEX (sum)	FR	JE02	HLUG HB Bd.7 Teil 4: 2000-08		mg/kg dw	(n. c.) [1)]
VHHC from the original substance						
Vinyl chloride	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Dichloromethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
trans-1,2-Dichloroethene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
cis-1,2-Dichloroethene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Chloroform (Trichloromethane)	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,1,1-Trichloroethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Tetrachloromethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Trichloroethene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Tetrachloroethene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,1-Dichloroethene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,2-Dichloroethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,1-Dichloroethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,1,2-Trichloroethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,1,2,2-tetrachloroethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
cis-1,3-Dichloropropene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
trans-1,3-Dichloropropene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Bromodichloromethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Dibromochloromethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Tribromomethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Trichlorofluoromethane	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,2-Dichlorobenzene (o-)	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,3-Dichlorobenzene	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
1,4-Dichlorobenzene (p-)	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07	0.05	mg/kg dw	< 0.05
sum CHC (22 parameters)	FR	JE02	DIN ISO 22155: 2006-07		mg/kg dw	(n. c.) [1)]

				Description		3215
				Sample number		620034052
Parameter	**Lab**	**Accr.**	**Method**	**LOQ**	**Unit**	
PAH from the original substance						
Naphthalene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Acenaphthylene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Acenaphthene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Fluorene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Phenanthrene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Anthracene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Fluoranthene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Pyrene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Benz(a)anthracene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Chrysene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Benzo(b)fluoranthene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Benzo(k)fluoranthene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Benzo(a)pyrene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Indeno(1,2,3-cd)pyrene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Dibenz(a,h)anthracene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Benzo(g,h,i)perylene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05	0.05	mg/kg dw	< 0.05
Total 16 EPA-PAH excl. LOQ	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05		mg/kg dw	(n. c.) [1)]
Sum 15 PAH without naphthalene	FR	JE02	DIN ISO 18287: 2006-05		mg/kg dw	(n. c.) [1)]
Org. sum parameters from the shaken 10:1 eluate acc. to DIN EN 12457-4: 2003-01						
AOX	FR	JE02	DIN EN ISO 9562 (H 14): 2005-02	0.05	mg/l	-
AOX	FR	JE02	DIN EN ISO 9562 (H 14): 2005-02	0.5	mg/kg dw	-

Explanations

LOQ - Limit of quantification

Lab - Abbreviation of the performing laboratory

Accr. - Abbreviation of the accreditation of the performing laboratory

[#] Digestion via temperature regulating graphite block

Comments for results

[1)] not calculable, as all results < loq.

[2)] The applied limit of quantification differs from the standard limit of quantification (column LOQ) because of matrix interferences.

The parameters identified by AN have been performed by the laboratory Eurofins Umwelt West GmbH (Wesseling). The accreditation code LG004 identifies the parameters accredited according to DIN EN ISO/IEC 17025:2005 D-PL-14078-01-00 .

The parameters identified by FR have been performed by the laboratory Eurofins Umwelt Ost GmbH (Bobritzsch-Hilbersdorf). The accreditation code JE02 identifies the parameters accredited according to DIN EN ISO/IEC 17025:2005 D-PL-14081-01-00 .

/o - The analysis has been outsourced.

Reykjavík, 18. ágúst 2021

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Athugasemdir Veitna við tillögur að deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða og Elliðaárvog, svæði 1 og svæði 2

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða og Elliðaárvog, svæði 1 og 2. Veitur fengu drög að tillögum til rýnis á vinnslustigi tillagnanna og gerðu athugasemdir við drög að greinargerð og uppdrætti með minnisblöðum dags. 8. maí og 26. maí 2021.

Veitur hafa rýnt tillögurnar m.t.t. áhrifa á núverandi innviði vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafdreifikerfis sem og uppbyggingar og reksturs nýrra dreifikerfa á skipulagssvæðinu. Rekstur þessara kerfa byggja á umfangsmiklum innviðum neðanjarðar (lagna og strengja), auk mannvirkja svo sem dreifistöðva rafmagns, safntanka, dælustöðva vatnsmiðla sem byggja þarf á skipulagssvæðinu.

Uppdráttur svæði 1


<u>Staðsetning dreifistöðva:</u>

- Veitur ítreka að staðsetning dreifistöðva innan lóðar er leiðbeinandi. Mikilvægt er að nákvæm staðsetning sé ákveðin í samráði við Veitur og taki mið af starfsemi innan lóðar til að tryggja örugga dreifingu rafmagns.
- Óvissa ríkir um orkugjafa fyrir Borgarlínu, en ef rafmagn verður fyrir valinu munu Veitur óska eftir 5 x 7 m lóð fyrir dreifistöð rafmagns á Krossmýrartorgi til að mæta hleðsluþörf Borgarlínu.

Uppdráttur svæði 2

<u>Staðsetning dreifistöðvar:</u>

- Veitur óska eftir lóð fyrir dreifistöð rafmagns á reit R til að tryggja dreifingu rafmagns á svæðinu. Sjá tillögu að staðsetningu (stærð lóðar 4m x 4m).



EBV-150-02

Aðkoma að dælistöð fráveitu:


Aðkoma Veitna (þjónustubíla og annarra tækja og vinnuvéla) er merkt í stíg á uppdrætti. Æskilegt er að aðkoman verði lengd svo að hún nái að dælistöðinni.

Helgunarsvæði stofnlagna:

Veitur óska eftir því að nýjar stofnlagnir sem reiknað er með að verði óhreyfðar í sömu legu í áratugi verði sýndar á uppdrætti. Æskilegt er að lagnabelti verði afmarkað á uppdrætti í samráði við Veitur.

Lagnabelti á svæði 2.

- Stofnlagnir hitaveitu munu liggja í Stórhöfða auk nýs 11 kV háspennustrengs. Auk þess lenda fráveitulagnir og lagnar kalds vatns undir fyrirhugaðri Borgarlínu og þarf því að færa (leggja nýjar) lagnir meðfram borgarlínugötunni. Til að koma fyrir stofnlögnum hitaveitu (framrásar og bakvatns), fráveitu og háspennulagna er þörf á 8,5 m lagnabelti **beggja megin** Borgarlínu. Óskað er eftir að lagnabelti verði sýnt á skipulagsuppdrætti fyrir svæði 2 á sambærilegan hátt og gert er á skipulagsuppdrætti fyrir svæði 1.
- Stofnlögn fráveitu sem liggur að dælistöð liggur á miklu dýpi og er helgunarsvæði lagnarinnar 16 m. Æskilegt er að lagnabelti fráveitulagnarinnar verði sýndur á uppdrætti fyrir svæði 2 (sjá mynd).



Athugasemd við almenna greinargerð

Veitur ítreka fyrri athugasemdir varðandi umfjöllun um dreifistöðvar rafmagns, m.a. að gera er ráð fyrir að byggja þurfi 15 dreifistöðvar á deiliskipulagssvæðum 1 og 2, þ.e. sex stöðvar á svæði 1 og níu nýjar dreifstöðvar á svæði 2. Enn fremur að Veitur kosta ekki aðra útfærslu á dreifistöðvum en einingarstöðvar og smádreifistöðvar. Kostnaður við aðra útfærslu leggst á þriðja aðila.

Athugasemd við skilmálahefti

Veitur óska eftir að eftirfarandi texta varðandi dreifistöðvar í byggingum annarra verði bætt við skilmálahefti fyrir svæði 1:

Svæði 1- skilmálahefti

„Dreifistöðvar: staðsetning, uppbygging og aðgengi

- *Dreifistöðvarýmin sem byggð verða á reitum 8, 9A, 9B, 9C, 10B og 11 verða hluti af byggingunni sem þau tilheyra og munu Veitur ekki eiga rýmið né eignast það, rýmið skal vera í sameign allra samkvæmt 6. gr. sbr. 8. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Kostnaður við uppbyggingu dreifistöðva mun falla á lóðarhafa.*
- *Dreifistöð á reit 1 verður á eigin lóð. Lóðin verður 4 x 4 m að stærð og verður aðkoma að vera tryggð frá götu svo hægt sé að sinna viðhaldi.*
- *Lóðarhafi skilar rýminu til Veitna samkvæmt ítrustu kröfum Veitna sem fram koma í leiðbeiningaskjali LAV-810, Dreifistöðvar í byggingum annarra. Dreifistöðvarnar á reitum 8, 9A, 9B, 9C, 10B og 11 skulu vera staðsettar á 1.hæð (jarðhæð) með aðkomu mannskaps og tækja frá götu, staðsetning „A“ í leiðbeiningaskjali LAV-810. Aðkoma vinnutækja og starfsmanna skal vera tryggð á öllum tímum sólarhringsins fyrir rekstur og viðhald. Afnotaréttur af dreifistöðvarými og umferðarréttur um lóðina og réttur til að grafa niður jarðstrengi, er kvöð á húsi og lóð og í gildi allan þann tíma sem Veitur starfrækja dreifistöð í húsinu. Veitur hafa heimild til að setja niður og viðhalda lögnum og strengjum á lóð og ganga um sameign eins og rekstur dreifistöðvarinnar krefst hverju sinni.*
- *Staðsetningar og umfangs dreifistöðva skal getið í eignaskiptasamningi sem lagður er fyrir byggingarfulltrúa til samþykktar áður en lokaúttektarvottorð verður gefið út .*

Dreifistöðvar: kostnaður

- *Kostnaður við uppbyggingu dreifistöðva mun falla á lóðarhafa. Lóðarhafi afhendir Veitum rýmið endurgjaldslaust og ekki verður um neinar greiðslur að ræða fyrir afnot Veitna af rýminu á meðan dreifistöðin er starfrækt. Þegar gengið hefur verið frá öllu, í samræmi við það sem að framan greinir, skulu Veitur taka út verkið.*
- *Á meðan Veitur starfrækja dreifistöðina í hinu leigða rými skulu Veitur sjá um og kosta viðhald innandyra á hinu leigða rými auk viðhalds á hurðum og loftristum. Að öðru leyti fellur kostnaður við viðhald á húsnæðinu undir sameign allra samkvæmt 43. gr., og sbr. 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.*
- *Hætti Veitur að starfrækja dreifistöð í rýminu, fellur það aftur til húseigenda inn í sameign allra endurgjaldslaust.“*

Svæði 2- skilmálahefti

Veitur gera eftirfarandi athugasemdir við kafla 6.6. Dreifistöðvar.

*„Skipulagið gerir ráð fyrir **níu** nýjum dreifistöðvum rafmagns og afmarkar lóðir fyrir þær. Dreifistöð Ö8 deilir lóð með dælustöð fráveitu.*

~~*Útfærsla dreifistöðva skal vera í samræmi við heildarhönnun umhverfisins sem þær eru hluti af. Dreifistöðvar skulu vera metnaðarfullar byggingar og hönnun þeirra skal taka mið af umhverfinu. Verði byggð dreifistöð skal hún fylgja skilmálum og sérskilmálum lóðar.*~~

Útfærsla og nákvæm staðsetning dreifistöðva skal gerð í samráði við Veitur. Almenna stefna Veitna er að byggja einingarstöðvar og smádreifistöðvar. Kostnaður við aðra útfærslu leggst á þriðja aðila.“

Almennar athugasemdir

Veitur benda á skilmála um inntakstaði og heimlagir og að nauðsynlegt er að aðkoma lagna sé tryggð að öllum byggingum með tillit til bílakjallara og staðsetningu á djúpgámum. Veitur benda einnig á að uppbygging og rekstur regnvatnskerfa sem eru innan lóðamarka eru á höndum lóðarhafa.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið verði unnið í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að færslu og styrkingu lagna þar sem þess er þörf.



Hólmfríður Bjarnadóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna

EBV-150-02

Reykjavíkurborg
Skipulags- og samgönguráð
Sent á netfangið: skipulag@reykjavik.is


Reykjavík, 31. ágúst 2021

Efni: Skipulag í kynningu - Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 2

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 24. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2 - Sævarhöfði á Ártúnshöfða. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var tillaga að nýju deiliskipulagi, Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 2, auglýst á timabilinu 07.07.2021-31.08.2021.

Tak-Malbik ehf., sem er lóðarhafi á Malarhöfða 10 (staðgreinir: 04.055.401/landeignarnúmer: 110553) óskar eftir að gera eftirfarandi athugasemd við auglýsta deiliskipulagstillögu:

Afmarkað deiliskipulagssvæði fer inn fyrir mörk lóðarinnar Malarhöfða 10 (sjá hér að neðan).



Viðræður hafa staðið yfir um nokkurt skeið milli Tak-Malbik ehf. og Reykjavíkurborgar um gerð samkomulags um breytta notkun og framtíðar uppbyggingu á Malarhöfða 10 á Ártúnshöfða í Reykjavík. Þar hefur fyrirhuguð lega borgarlínu (með fyrirvara um breytingar) verið kynnt Tak-Malbik ehf. Viðræðum aðilanna er ólokið og ekki liggur fyrir samkomulag eða samþykkt skipulag fyrir lóðina með þessari legu borgarlínu.

Því gerir Tak-Malbik ehf. athugasemd við hina auglýstu deiliskipulagstillögu af svæði 2 og telur rétt að sá hluti tillögunnar, sem fellur innan lóðarinnar Malarhöfða 10, verði merktur í deiliskipulagi Svæðis 2 sem „Skipulagi frestað". Þessi hluti skipulagsins verði aftur unninn áfram og afgreiddur með deiliskipulagi lóðarinnar Malarhöfða 10 þegar þar að kemur.

Virðingarfyllst

F.h. Tak-Malbik ehf.

Stefán Auðólfsson, lögmaður

USK Skipulag

Frá: Eyþór Máni [redacted]
Sent: þriðjudagur, 31. ágúst 2021 23:46
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemdir við Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1 og 2
Viðhengi: Umsögn frá SuBL (1).pdf

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Heil og sæl,

Í viðhengi eru athugasemdir samtaka um bíllausan lífsstíl við áætlaðar skipulagsbreytingar á Elliðarárvog og Ártúnshöfða.

Bestu kveðjur,

Eyþór Máni Steinarsson
Framkvæmdastjóri Hopp
FD54 B42E 2F48 B9E1 3BFD 23D8 CE50 0C3D F5C8 4C21 | www.moon.do | +354 [redacted]

10. ágúst 2021

UMSÖGN UM SKIPULAG
ELLIÐARVOGS OG ÁRTÚNSHÖFÐA

Það er margt sem mætti fara betur í fyrirhugaðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi á svæði eitt og tvö í Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Það virðist sem að hönnun hverfisins hafi ekki verið gerð í samræmi við yfirlýst markmið Reykjavíkurborgar í samgöngum og aðalskipulagi.

- Bílastæði á yfirborði eru of mörg. Æskilegt væri að takmarka þau gífurlega, metnaður væri að útrýma þeim alveg.
    - Fermetrar á yfirborði eru sérstaklega verðmætir, þar þrífst fólk, gróður og mannlíf. Það er hægt að finna ótal betri leiðir til að nýta fermetra á yfirborði jarðar en fyrir bílastæði. Sérstaklega bílastæði sem verða að öllum líkindum ógjaldskyld.
- Það er ótrúlegt magn bílastæðakjallara undir næstum öllum lóðum, hvað er það annað en hvati fyrir íbúa að eiga bíl?
    - Þetta eykur umfang og kostnað við framkvæmdir umtalsvert, kostnaður sem mun síðan endurspeglast í kostnaði á íbúðunum sjálfum
- Göturnar í hverfinu eru of breiðar. Breiðar götur leiða til háhraðaaksturs sem er gífurlega hættulegur og hvetur íbúa enn frekar til að ferðast á bílum.
    - Götur fyrir bíla ættu að vera þrengri og færri, en það hvetur fólk til þess að horfa út fyrir kassa einkabílsins og býr til öruggara samgönguumhverfi á yfirborðinu
    - Í hverfinu væri hægt að gera breiða og fallega göngustíga og gangstéttar
- Frekar en að hafa alla þessa vegi um allar trissur væri hægt að nýta yfirborðið á fjölbreyttari vegu
    - Til dæmis kaffihús, matarvagna, útileiksvæði, göngustíga, hjólastíga, litla garða, bekki, hornbúðir, torg, og svo framvegis.
- Það er tækifæri til þess að gera bryggjukantinn að göngugötu og búa þannig til æðislegt og einstakt svæði fyrir menningu, fólksgang og útsýni.
- Borgarlínan, aðrar almenningssamgöngur og léttir fararmátar eru framtíðin, hverfið ætti að vera byggt með það í huga.

Í þessum nýju hverfum er tækifæri til þess að búa til grænt borgarskipulag til framtíðar. Að koma fólki frekar en bílum á yfirborðið, að hvetja fólk til þess að ferðast um hjólandi, hlaupandi eða í almenningssamgöngum frekar en í einkabílnum.

Hérna er tækifæri til þess að sleppa einfaldlega bílastæðum, ofanjarðar sem neðanjarðar. Við getum komið bílum fyrir í miðlægum bílastæðahúsum og greitt umferð innan hverfa fyrir alla aðra samgöngumáta en einkabílinn.

Hvernig styðja núverandi breytingar að nýju deiliskipulagi að markmiðum aðalskipulags, samgöngusáttmálans, loftslagsáætlunar og græna plansins? Við sjáum ekki að þær hjálpi á neinn hátt. Það er vissulega mikilvægt að byggja upp ný hverfi, en það er mikilvægt að gera það rétt. Gera það fyrir framtíðina.

Það er lykilatriði í hönnun nýrra hverfa að gera ráð fyrir fleiri leiðum til að ferðast inn í hverfið, út úr hverfinu og innan um hverfið á fleiri vegu en á einkabílnum. Það er yfirlýst markmið Reykavíkurborgar að hvetja íbúa sína til þess að nýta fjölbreyttari, vistvænni fararmáta en hönnun hverfa leikur lykilþátt í persónulegu vali hvers og eins okkar um fararmáta. Með fyrirliggjandi hönnun hverfisins er borgin að hvetja verðandi íbúa þess að eiga og nota einkabíl í dagleg ferðalög sín.

Ef þið viljið frekari umsögn er ykkur velkomið að hafa samband við mig í síma [redacted] eða með netfanginu [redacted].

Með bestu kveðju,
Eyþór Máni Steinarsson - Stjórnarformaður Samtaka um Bíllausan Lífsstíl

Árni Davíðsson
Suðurbraut 1
200 Kópavogur

31. ágúst 2021

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1 og 2.

Mig langar til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við auglýst deiliskipulag fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða svæði 1 og 2. Ég mæli með að þessi sjónarmið verði höfð að leiðarljósi við skipulag þessara hverfa.

1. Bílastæði á frekar að skipuleggja innan hverfa en síður innan reita eða lóða samanber fjölda stæða í skipulagi. Þetta er til að auka samnýtingu bílastæða milli íbúða og þjónustu. Þetta virðist ekki gert í nægum mæli í framlögðu skipulagi.

2. Bílastæði eiga helst að vera í sérstökum bílastæðahúsum eða samsíða götum en í síður í bílakjöllurum undir húsum, til að bílastæði móti ekki húsagerð og skipulag. Þetta virðist ekki gert í nægum mæli í framlögðu skipulagi. Kjörið er að hafa bílastæðahús meðfram stofnbrautum til að bæta hljóðvist í hverfum og stytta akstursvegalengdir.

3. Bílakjallarar undir húsum eiga ekki að vera breiðari en byggingin yfir kjallaranum til að garðar og leiksvæði verði nýtileg og vistleg. Þetta virðist ekki gert í nægum mæli í framlögðu skipulagi sem virðist gera ráð fyrir að margar lóðir séu einn stór bílastæðakjallari.

4. Allar íbúðir á að selja án bílastæðis. Ef bílastæði eru seld á að gera það sérstaklega og án tengingar við íbúð eða fasteign. Þetta er til að lækka íbúðaverð og til að notendur greiði fyrir þjónustuna en ekki aðrir.

5. Öll bílastæði að öðru leyti eiga að vera með gjaldskyldu. Það er í langtímaleigu fyrir íbúa og starfsfólk (mánuðir - ár) eða með skammtíma gjaldskyldu (klst - sólarhringur). Þetta er lykilatriði til að koma í veg fyrir offjárfestingu í bílastæðum. Þetta kemur að því er virðist ekki nægjanlega skýrt fram í framlögðu skipulagi.

6. Lágmark 5-10% yfirborðs á að vera klætt með trjágróðri sem getur tekið út fullan vöxt, það er tré eiga ekki að vaxa ofan á bílakjöllurum. Það er til að

skapa vistlegt umhverfi í hverfum og draga úr meðalvindi og sviptivindum. Þetta kemur að því er virðist ekki nægjanlega skýrt fram í framlögðu skipulagi.

7. Ef byggðir eru stórir reitir á að gera ráð fyrir göngu og hjólaleiðum í gegnum þá sem henta fyrir ferðir fólks til að samgöngur gangandi og hjólandi verði þægilegri, áhugaverðari og áfangastaðir aðgengilegri.

8. Jarðhæðir eiga helst að bjóða upp á líflegt umhverfi, þar sem það á við, t.d. þjónustu, verslun, iðnfyrirtæki, veitingastaði, kaffihús, leikskóla eða eitthvað annað. Í íbúðarhúsum, þar sem það á við, ættu að vera íbúðir á jarðhæð gjarnan með gróðurrönd utan við með runnum til að fá skil milli almannarýmis og sérrýmis. Það sem alls ekki ætti að vera á jarðhæð eru lokuð rými með bílastæðum eða bílastæðakjallari. Þetta er til að skapa líflegt og aðlaðandi rými fyrir alla.

9. Fáar innkeyrslur ættu að vera inn á lóð eða reit. Koma skal i veg fyrir að sú hlið lóðar sem snýr að götu verði ein samfelld innkeyrsla. Visst hlutfall lóðar sem snýr að götu gæti verið klætt gróðri. Þetta er til að auka umferðaröryggi á gangstétt og skapa vistlegt rými fyrir gangandi og hjólandi.

10. Rétt getur verið að skipuleggja rekstur bílastæða í hverfinu að hluta eða öllu leyti í sérstöku félagi eða félögum sem sjái um utanumhald, þjónustu, eftirlit og álagningu aukastöðugjalda og stöðvunarbrotagjalda. Slíkt fyrirkomulag þekkist í nágrannalöndum okkar og gefst vel. Virkt eftirlit og utanumhald er mjög mikilvægt til að tryggja reglufylgd með bílastæðum.

Með bestu kveðju



_____

Árni Davíðsson

Ártúnshöfði
Fornleifaskrá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 212


Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Ártúnshöfði

Fornleifaskrá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 212

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:
Grjótnám við Elliðaárvog árið 1944.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 3-3. Ljósmyndari Loftur Guðmundssson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 212
Reykjavík 2021
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Efnisyfirlit

Formáli ... 3
1. Saga svæðisins ... 5
1.1 Staðhættir og örnefni ... 5
1.2 Í landi Ártúns, Árbæjar og Bústaða ... 7
1.2.1 Þjóðleiðin austan Elliðaáa ... 9
1.2.2 Veiði í Elliðaánum og veiðihúsin ... 11
1.2.3 Sand- og grjótnám ... 13
1.2.4 Hernámsárin og herskálahverfi ... 16
1.2.5 Krossamýrarblettir ... 17
2. Almennt um verndun menningarminja ... 20
3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja ... 22
4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar ... 23
4.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar á Ártúnshöfða ... 23
Bústaðir 232-7 Veiðihús við Elliðaár ... 24
Bústaðir 232-22 Elliðaárbrú eystri ... 25
Bústaðir 232-37 Almenningsvöð ... 26
Bústaðir 232-88 Elliðaárbrú vestari ... 27
Ártún 263-18 Krossamýrarblettur 1, Hvammur ... 28
Ártún 263-20 Fenton Street Camp - Elliðaárhverfi ... 29
Ártún 263-21 Beitarhús ... 30
Ártún 263-22 Fjarskiptastöð ... 30
Ártún 263-33 Krossamýrarblettur 14 ... 32
Ártún 263-43 Krossamýrarblettir 1-15 ... 32
Ártún 263-44 Grjót- og sandnám ... 33
Ártún 263-45 Mosfellssveitarvegur, Ártúnsbrekka ... 34
Ártún 263-47 Hús við Elliðaárvog ... 35
Ártún 263-49 Sorpeyðingarstöðin ... 36
Árbær 262-46 Gata ... 36
Ártún 262-48 Trönur ... 37
Árbær 262-50 Vegur ... 37
4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar ... 38
Fornleifar á skráningarsvæðinu ... 39
Yngri minjar á skráningarsvæðinu ... 39

Herminjar 39
Menningarmerkingar, tillögur 39
5. Heimildir 40
Viðauki 1 43
Minjatafla 43
Minjakort 44

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á því svæði sem nefnt hefur verið „Elliðaárvogur við Ártúnshöfða“[1] sem er rammaskipulagssvæði sem tekur til svæðis við Elliðaárvog og Ártúnshöfða í Reykjavík.[2] Svæðið afmarkast til suðurs af Miklubraut / Vesturlandsvegi, til vesturs af Elliðaárvogi, til norðurs af Grafarvogi og til austurs af Gullinbrú / Höfðabakka, sjá mynd 1.[3] Skráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs.

Áður lá fyrir greinargerð um skráningu á svæðinu frá árinu 2006, *Rammaskipulag Elliðaárvogs*, *fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu*.[4] Nú er sú skráning endurskoðuð miðað við kröfur um skráningu fornleifa fyrir gerð deiliskipulags í samræmi við ákvæði í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.[5] Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2633**. Vettvangsrannsókn fór fram 12. apríl, 19. apríl og 25. ágúst 2021. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.[6]

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.


September 2021
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

---

[1] Rammaskipulag: Elliðaárvogur – Ártúnshöfði. *Elliðaárvogur við Ártúnshöfða*. Dags. 11.01.2017.
[2] Ártúnshöfði – uppbygging hverfis. Sótt 23.08.2021 af https://reykjavik.is/framkvaemdasjain/artunshofdi-uppbygging-hverfis
[3] Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulagssvæða á Ártúnshöfða við Elliðaárvog (svæði 1-3), https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skipogbygg/skjol/ellidaarvogur_artunshofdi_svaedi_1_lysing.pdf. https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ellidaarvoguratunshofdi-svaedi-2. https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skipogbygg/skjol/ellidaarvogur_artunshofdi_svaedi_3_lysing.pdf.
[4] Anna Lísa Guðmundsdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir: *Rammaskipulag Elliðaárvogs, fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu*, Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2006.
[5] Minjastofnun Íslands. Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019: https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b
[6] Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1. Saga svæðisins

Til umfjöllunar er skipulagssvæði sem tekur til Ártúnshöfða í Reykjavík. Svæðið afmarkast til suðurs af Miklubraut / Vesturlandsvegi, til vesturs af Elliðaárvogi, til norðurs af Grafarvogi og til austurs af Gullinbrú / Höfðabakka, sjá afmörkun á mynd 1.



Mynd 1. Ártúnshöfði, afmörkun deiliskipulagssvæðisins er með svartri brotalínu.[7]


1.1 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem nú er skilgreint sem *Ártúnshöfði* tilheyrði áður að mestu tveimur bújörðum. Landið á vestanverðum höfðanum tilheyrði Ártúni en austar var land Árbæjar, sjá mynd 2.


Svæðið einkennist af holtum og ásum, mýrum og fornum ísaldareyrum sem nú eru sundurgrafnar vegna malarnáms. Svæðið er að mestu byggt, en við Elliðaárvog og Grafarvog eru miklar landfyllingar.

Fyrir botni Elliðaárvogs eru ósar *Elliðaánna* sem renna nú eftir manngerðum rásum til sjávar. Á tímabilinu 1965-1975 voru gerðar miklar uppfyllingar á svæðinu svo að ásýnd og náttúra *Elliðaárósa* breyttist mjög. Við framkvæmdirnar urðu til tveir flatlendir tangar eða nes og er það eystra kallað *Geirsnef* en á vestari fyllingunni er gatan *Naustavogur* og smábátahöfn Snarfara. Þröngur vogur sem myndaðist vestan uppfyllinganna hefur verið

[7] Borgarvefsjá. Vefslóð: https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/



Mynd 2. Landamerki lögbýlanna eins og þau voru árið 1703. Skástrikuð svæði eru uppfyllingar.[8]



Mynd 3. Örnefni í gamla bæjarlandinu á Ártúnshöfða.[9]

[8] Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) og Lögbýli í Rvk. 1703.

[9] Kort af Reykjavík 2021 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Heimildir: Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1 og 181181-262-2), Bústaða (181167-232-1). Einar S. Arnalds og Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók) – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

kallaður *Arnarvogur*.[10] Austast er svo þriðja stóra uppfyllingin landföst, á henni er gatan *Sævarhöfði,* en götunöfn á Ártúnshöfða enda öll á -höfði. Áður en þessar landfyllingar voru gerðar voru þarna miklar leirur og þar sem land og leirur mættust voru kallaðir *Árkjaftar.* Þar voru neðri veiðihúsin, sunnan við þau voru *Almenningsvöð,* neðstu vöðin yfir Elliðaár. Sagt er að Elliðaár og Elliðaárvogur dragi nöfn sín af skipi Ketilbjörns gamla landnámsmanns, *Elliða*.[11]

Norðan og austan er *Grafarvogur.* Þar er líka mikil landuppfylling og á henni var *Bryggjuhverfið* byggt. Svæðinu hallar til vesturs (*Ártúnsbrekka*) að *Elliðaánum* frá gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegar. Austan við Sævarhöfða voru gamlar malarnámur og norðar grjótnámur, sjá kafla 1.2.3. Það land er að mestu allt raskað.

Norðan á höfðanum við Grafarvog er *Ytriurð*, hár grjótbakki sem liggur niður að uppfyllingunni út í voginn og austan við Gullinbrú er *Innriurð,* neðan og norðan við Stórhöfða. *Krossamýri* var stór mýrarfláki á miðjum Ártúnshöfða þar sem nú er Breiðhöfði. Þar voru *Krossamýrarblettir*. Afrennsli frá mýrinni var til vesturs um *Krossagil* í Elliðaárvog. Austar á svæðinu var *Jörfi* og *Borgarmýri* við Vesturlandsveg (sjá mynd 3).[12]

1.2 Í landi Ártúns, Árbæjar og Bústaða

Svæðið sem hér er til umfjöllunar tilheyrði að mestu tveimur jörðum: *Ártúni og Árbæ*. Jarðirnar voru lagðar til Viðeyjarklausturs sem var stofnað árið 1226, en klaustrið hafði mikil stjórnsýsluleg völd meðan það var starfandi. Við siðaskiptin 1550 yfirtók Danakonungur allar eignir klaustursins. Konungur seldi síðan jarðirnar árið 1838 og komust þær þá í einkaeigu.[13]

Austan við eystri Elliðaárkvíslina var jörðin *Ártún,* en um kvíslina lágu sveitarfélagsmörk til ársins 1929.[14] Bæjarstæði Ártúns er á háum hól vestan undir Ártúnsbrekkunni. Jarðarinnar Ártúns er ekki getið í Íslenzku fornbréfasafni en menn hafa getið sér þess til að jörðin *Árland neðra*, sem getið er um í Vilchinsbók frá 1379, þá eign kirkjunnar í Nesi, og í Gíslamáldaga frá 16. öld, sé umrædd jörð.[15] Ártún var lengi vel í alfaraleið og þar var stunduð greiðasala og gistiþjónusta á seinni hluta 19. aldar.[16]

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jarðirnar Ártún, Árbæ og Breiðholt, ásamt hluta úr Gröf, vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda, því fyrstu hugmyndir

[10] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 304. – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi, kort bls. 175.
[11] Jakob Benediktsson: *Íslendingabók – Landnámabók. Íslenzk fornrit* I, bls. 120-121.
[12] Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 175 og 180, Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2).
[13] Árni Óla: „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957, bls. 487-488.
[14] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 318-320.
[15] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 109 – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* XVI, bls. 637.
[16] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 84.

gengu út á að taka neysluvatn úr Elliðaánum fyrir þéttbýli í Reykjavík. Á árunum 1920-1921 voru Elliðaárnar virkjaðar og mannvirki Elliðaárvirkjunar reist sunnan við Ártún.

Austur af Ártúni var jörðin *Árbær*. Gömlu bæjarhúsin eru nú innan safnsvæðis Árbæjarsafns, en jörðin lá upp með Elliðaánum og í norður að Grafarvogi.

Elsta heimild um Árbæ er í skjali frá 31. júlí 1464. Þar votta Steinmóður ábóti í Viðey og Jón Narfason að Ólöf ríka Loptsdóttir hafi látið Gerrek gullsmið í Hafnarfirði fá silfur sem greiðslu fyrir jarðir Guðmundar Arasonar, sem hún og hennar maður Björn Þorleifsson höfðu keypt af konungi, en Gerrekur átti að koma silfrinu til konungs fyrir þeirra hönd.[17] Vitað er að búið hefur verið í Árbæ frá 10. öld, eins og fornleifarannsóknir á bæjarstæði Árbæjar hafa leitt í ljós.[18]

Síðustu ábúendur í Árbæ voru hjónin Margrét Pétursdóttir og Eyleifur Einarsson sem bjuggu þar frá 1881 og dóttir þeirra Kristjana, sem tók við búinu árið 1935 og bjó þar til 1948, en þá fór bærinn í eyði. Í tíð Margrétar og Eyleifs var fjölsótt greiðasala í Árbæ, með svipuðu móti og áður hafði verið í Ártúni.[19] Saga Árbæjar, eins og Ártúns, er einnig samofin nýtingu Elliðaánna. Eins og áður segir keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jörðina ásamt Ártúni og fleiri jörðum árið 1906 vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda og árið 1929 voru jarðirnar Ártún og Árbær báðar lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.




Mynd 4. Kristján X. Danakonungur við laxveiðar við Sjávarfoss í Elliðaánum. Til vinstri sést býlið Ártún og fyrir miðju þakið á Elliðaárstöðinni.[20]

[17] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 430-431.
[18] Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar, fornleifarannsókn, áfangaskýrsla 2016,* bls. 6.
[19] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 63 og 84.
[20] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÓLM 0584. Ljósmyndari Ólafur Magnússon.

Svæðið sem nú er til úttektar, Ártúnshöfði, var áður notað til beitar og þar var mór tekinn úr mýrum. Beitarhús (263-21) voru nyrst á Ártúnshöfða þar sem nú er Eirhöfði 11. Þessi rúst er nú horfin en var mæld inn á gömul kort, auk þess sem hún sést á loftmynd frá árinu 1946, sjá mynd 5 og 6.




Mynd 5. Beitarhús (263-21) þar sem nú er Eirhöfði 11.[21]



Mynd 6. Tóft beitarhússins (263-21) við grasblett. Aðeins sunnar (ofar á myndinni) er gerði og braggi sem tilheyrði fjarskipastöðinni (263-22). Horft í suður.[22]

1.2.1 Þjóðleiðin austan Elliðaáa

Vegna legu í bæjarlandinu hafa þjóðleiðir og síðar umferðaræðar sett svip sinn á sunnanvert svæðið. Vegna þess hve mýrarnar voru víðlendar umhverfis Reykjavík var greiðasta leiðin frá kaupstaðnum um holtin. Elst var þjóðleiðin sem lá frá Skólavörðuholti um Öskjuhlíð og Bústaðarholt, yfir vaðið á Elliðaám sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin í þrennt samkvæmt korti frá árinu 1831, sjá mynd 7.



Mynd 7. Þjóðleiðin er merkt inn á kort frá árinu 1831 og lá norðan við Bústaði yfir Elliðaár, á vaði sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin upp í þrennt.[23]

[21] Borgarvefsjá: Loftljósmynd frá árinu 2020 og staðsetning beitarhúsa.
[22] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS F001 3-1. Ljósmyndari óþekktur. 15. júlí 1946, loftmynd af Reykjavík.
[23] Landsbókasafn Íslands: Íslandskort: Gullbringu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnessýslu, mæld og teiknað að tilhlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.

Ein leiðin lá fyrir botn Grafarvogs að Keldum, Gufunesi og Korpúlfsstöðum en Mosfellssveitarvegur, síðar Vesturlandsvegur, leysti þessa leið af. Önnur lá að Reynisvatni og áfram til Þingvalla, en sú þriðja frá Árbæ austur að Hólmi, sem síðar varð Suðurlandsvegur. [24]



Mynd 8. Gamla Elliðaárbrúin (323-22) yfir eystri kvíslina, sem var byggð 1883.[25]

Þjóðleiðin yfir Bústaðaholt var aðalvegurinn austur úr bænum þar til byggðar voru tvær brýr yfir Elliðaár árið 1883 og nýr vegur var lagður í framhaldi af Laugavegi norður fyrir Grensás og Sogamýri, sem ýmist var nefndur Suðurlandsvegur eða *Suðurlandsbraut* (núverandi Suðurlandsbraut). Í framhaldi af brúnum voru lagðir tveir vagnavegir, forverar Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, sjá mynd 9. Þessir vegir komu í stað fornu þjóðleiðirnar/slóðana sem lágu á milli bæja (svartar einfaldar línur á korti).[26] Upp og austur af eystri brúnni yfir Elliðaár (323-22) lá Mosfellssveitarvegur (263-45), nú vestasti hluti Bíldshöfða, upp Ártúnsbrekkuna og áfram í austur, sem síðar varð Vesturlandsvegur. Hin leiðin (263-42) lá suður hjallana austan við Ártún að Árbæ og austur þar sem nú er Rofabær, áður Suðurlandsvegur, að Rauðavatni.

Á árunum 1919-1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar. Gömlu, hlöðnu stólparnir voru notaðir áfram en hækkaðir og steinbitar settir á milli þeirra í stað trébitanna sem fyrir voru. Brúargólfin voru líka steypt og handrið úr járni fest í steypta stólpa. Í þriðja sinn, eða árið 1941, voru brýrnar endurnýjaðar, þá voru brýrnar steyptar að mestu og gerðar tvíbreiðar. Vestari brúin var þá byggð ný á móts við þá eystri og við það fór hlykkurinn af veginum.[27] Eystri brúin var auk þess rétt af. Gamla og nýja brúin sitja á sama stöpli, en gamli hlutinn er nú notaður sem göngubrú.

---


[24] Landsbókasafn Íslands: Íslandskort: Gullbríngu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnessýslu, mæld og teiknað að tilhlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.
[25] Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-2015-319-4. Ljósmyndari óþekktur.
[26] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.
[27] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 82-83.



Mynd 9. Vegir og slóðar á svæðinu árið 1909. Þá lágu frá eystri brúnni yfir Elliðaár (323-22) tveir vagnavegir (tvöfaldar línur), forverar Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar. Þessir vegir komu í stað fornu þjóðleiðina/slóðana sem lágu á milli bæja (svartar einfaldar línur).[28]

1.2.2 Veiði í Elliðaánum og veiðihúsin

Árið 1853 keypti Ditlev Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, Ártún og Bústaði af Danakonungi, ásamt þeim veiðiréttindum Elliðaáa sem fylgdu jörðunum. Thomsen þurfti að borga töluverða fjárhæð fyrir veiðiréttindin og til að hafa upp í þann kostnað hóf hann að veiða lax af miklum krafti.




Mynd 10. Við ósa Elliðaánna við Elliðaárvog. Þarna sjást neðri veiðihúsin fjögur og leirurnar norður af þeim. Fjær til vinstri sést Geldinganes, en fyrir miðju er Gufuneshöfði og Ártúnshöfði til hægri. Esjan í fjarska.[29]

[28] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.

[29] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 945. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, um 1905-1920.

Tók hann það ráð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir ósum og setja þar fjórar laxakistur. Með þessum hætti náði Ditlev Thomsen, og síðar sonur hans H.Th.A. Thomsen, miklum afla á land en erfiðlega gekk þá að veiða laxinn ofar í ánni þar sem aðrir höfðu veiðiréttindi. Upp frá þessu spruttu mikil málaferli og deilur sem stóðu yfir á árunum 1870-1884. Á korti frá 1874 má sjá hús í árhólmanum niður við ósana. Talið er að þarna hafi fiskgeymsluhús Thomsens verið. Laxakisturnar voru þar skammt frá og hefur verið hægast að flytja laxinn sjóleiðina með bát til Reykjavíkur. Eftir öll málaferlin í kringum Elliðaárnar bauð Thomsen Reykjavíkurbæ að kaupa sinn hlut í ánum árið 1885 en bæjarstjórnin afþakkaði einum rómi. Árið 1897 seldi Thomsen breskum manni, H.A. Payne, sinn hlut og þá hófst tími stangveiða í Elliðaánum sem stendur enn. Payne lét byggja veiðihús þar sem fiskgeymsla Thomsens stóð áður og var veiðihúsið mönnum til afnota í nokkra áratugi.[30]



Mynd 11. Hluti af korti frá 1924 sem sýnir neðsta hluta Elliðaánna þar sem neðri veiðihúsin voru og strandlínuna áður en uppfyllingar hófust. Fyrir miðri mynd er gamli vagnavegurinn sem var notaður til 1941.[31]

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni, og eignaðist bærinn þannig allan veiðirétt í ánum. Breskir veiðimenn


[30] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 86-88 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 27-29 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121.

[31] Borgarsögusafn: Kortasafn: Rafmagnsstöð Reykjavíkur, landslag við aflstöð, 6. maí 1924.

munu hafa haldið áfram að leigja Elliðaárnar fram að fyrri heimsstyrjöld en eftir það tóku íslenskir veiðimenn við. Árið 1925 fól bærinn Rafmagnsveitu Reykjavíkur umsjón með Elliðaánum, en frá því að Stangveiðifélag Reykjavíkur var stofnað árið 1939 hefur það haft Elliðaárnar á leigu.[32]

Á korti frá árinu 1924 (mynd 11) eru veiðihúsin fjögur og hlaðinn flóðvarnargarður um þrjú syðstu húsin. Syðsta veiðihúsið var flutt að Árbæjarstíflu um 1930 og gert að stífluhúsi þar (262-39). Þetta hús er líklega eitt af tveimur veiðihúsum sem H.A.Payne lét byggja, en annað eins hús var efra veiðihúsið og stóð rétt ofan við Vatnsveitubrúna (218-30).

1.2.3 Sand- og grjótnám



Mynd 12. Sand- og grjótnám við Elliðaárvog norðan við Mosfellssveitarveg, 1941.[33]



Mynd 13. Sand- og grjótnám við Elliðaárvog vestan við Krossamýrarbletti, 1947. [34]

Með aukinni þörf á byggingarefni voru opnaðar sand- og malarnámur í landi Ártúns upp úr 1929.[35] Tekin var möl úr gömlu ísaldaráreyrunum sem voru neðst í Elliðaárdal þar sem nú eru jarðhúsin við Ártúnsbrekkuna og á Ártúnshöfða við Elliðaárvog, sjá mynd 12 og 13.


Seinna, eða um 1940, var opnað grjótnám nyrst við Ártúnshöfða eða norðan við Krossagil. Þær námur tóku við af grjótnámunni á Rauðarárholti sem var lokað endanlega 1945. Gömlu grjótmulningsvélarnar voru þá fluttar í námuna við Elliðaárvog auk þess sem nýjar vélar voru fluttar inn frá Ameríku.[36] Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti. Grjót var síðar einnig flutt á vögnum frá grjótnámi í Selási í

[32] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 88-90.
[33] Landmælingar Íslands: Hluti úr korti Reykjavík – Hafnarfjörður, Geographical Section, General Staff. N°4186. Published by War Office, 1941.
[34] Hluti af korti frá 1947 eftir Ágúst Böðvarsson, kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.
[35] *Morgunblaðið,* 23.2.1929, bls. 2.
[36] *Vísir,* 11.02.1942, bls. 1. *Morgunblaðið,* 8.12.1925, bls. 5. *Lesbók Morgunblaðsins,* 2.12.1945, bls. 599.

grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða.[37] Í malarnámunni við Elliðaárvog risu síðar Steypustöð og Malbikunarstöð.



Mynd 14. North West-vélskófla í grjótnámunni við Elliðaárvog.[38]




Mynd 15. Ný grjótmulningsvél sem tekin var í notkun árið 1944.[39]



Mynd 16. Verkamenn við störf í grjótnámunni við Ártúnshöfða árið 1944, fjær sjást sandnámurnar.[40]

[37] *Vísir*, 11.08.1965, bls. 8.
[38] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 3-2. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson. 1944.
[39] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 1-1. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson. 1944.
[40] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 018 3-3. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson. 1944.



Mynd 17. Grjótmulningsvél við grjótnám bæjarins í Ártúnshöfða árið 1945.[41]



Mynd 18. Malarnámur voru við jarðhúsin og þar sem Steypustöðin og Malbikunarstöðin risu á Ártúnshöfða. Mosfellssveitarvegur, síðar Vesturlandsvegur, liggur þvert yfir kortið og Krossamýrarvegur, síðar Breiðhöfði, frá honum í norður og syðst er Suðurlandsvegur. Hluti af korti frá árinu 1956.[42]

[41] *Lesbók Morgunblaðsins*, 2.12.1945, bls. 597.

[42] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1956 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.

1.2.4 Hernámsárin og herskálahverfi

Á hernámsárunum risu nokkur braggahverfi í og við Elliðaárdal og á Ártúnshöfða.[43] Norðan við bæjarstæði Ártúns var herskálahverfið *Camp Battle*, einnig nefnt *Camp Ártún* (263-38).[44] Skammt vestur af jarðhýsunum við Ártúnsbrekku var herskálahverfið *Camp Hickam* (263-17) þar sem Bandaríska setuliðið reisti höfuðstöðvar ratsjárliðs.[45] Norðan við Ártúnsbrekku var *Fenton Street Camp* (263-20), þar sem nú er Sævarhöfði 2. Á hernámsárunum hafðist þar við undirfylki strandvarna- og/eða loftvarnarskotalið.[46]



Mynd 19. Horft yfir Krossamýrarbletti á loftmynd sem tekin var 6. mars 1946. Efst á myndinni má sjá sex loftskeytamöstur og nokkra bragga sem hýstu fjarskiptastöðina General Receiving Station, Artunshofdi.[47] Á Krossamýrarbletti 1 er húsið Hvammur og norðar loðdýrahús, en vestan við loðdýraræktina sjást ummerki um grjót- og sandnám bæjarins. Austan við Krossamýrarveg eru íbúðarhús á Krossamýrarblettum 14 og 15. Neðst á myndinni er Mosfellssveitarvegur.[48]

---

[43] Upplýsingar um eftirtalin herskálahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.

[44] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 102-104.

[45] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum,* bls. 124-125.


[46] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.

[47] Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 28.08.2021.

[48] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir. 6. mars 1946.

Eftir að setuliðið yfirgaf braggana í *Fenton Street Camp* nýttu íslenskar fjölskyldur sér kampinn sem fékk þá nafnið *Elliðaárhverfi* eða *Elliðaárkampur.* Eftir stríð voru þar sex braggar með allt að 38 íbúum þegar flest var. Síðast var búið í Elliðaárkampi 1965.[49]

Norðan við Krossamýrarbletti var fjarskiptastöð *General Receiving Station, Artunshofdi*, þar voru sex loftskeytamöstur auk tveggja braggaþyrpinga.



Mynd 20. Maður að veiða í Elliðaánum, rétt neðan við vaðið og eystri brúna. Í bakgrunni er herskálahverfið Fenton Street Camp (263-20), til hægri er Ártúnsbrekkan og tveir braggar sem tilheyrðu Camp Hickam (263-17).[50]

1.2.5 Krossamýrarblettir

Vestan megin á Ártúnshöfða var Krossamýri sem tilheyrði landi Ártúns.[51] Ekki er vitað hvernig nafngift staðarins kom til en leitt hefur verið að því líkum að nafnið hafi á einhvern hátt tengst Viðey og klausturhaldi þar.[52] Árið 1933 var samþykkt í bæjarráði að úthluta landskikum úr Krossamýri til loðdýraræktar[53] og nokkrum árum síðar, frá 1936 til 1938, var löndum þar úthlutað til leigu eða erfðafestu. Löndin voru nefnd Krossamýrar-blettir (sjá mynd 19). Vegur sem lá sunnan við blettina frá vestri til austurs hét þá Mosfellssveitarvegur og var Krossamýrarvegur lagður frá honum til norðurs, þar sem nú er gatan *Breiðhöfði*. Blettirnir sem úthlutað var í Krossamýri á árunum 1936-1938 voru 15 talsins (sjá mynd 21).

Einn af fyrstu íbúum á Krossamýrarblettum var Jón P. Dungal. Hann fékk leyfi til að reisa einlyft timburhús, tæplega 60 m², á Krossamýrarbletti 1 árið 1936, og fékk það nafnið *Hvammur*. Þar lagði Jón grunninn að trjálundi og ræktaði ýmsar sjaldgæfar plöntur auk rósaræktar.[54] Jón hlaut viðurkenningu frá Fegrunarfélagi Reykjavíkur árið 1954 fyrir garð sinn, en trjálundur hans er uppistaðan í fyrsta áfanga lystigarðs B.M. Vallár, nú að

[49] Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409 Leitarorð= Elliðaárhverfi.
[50] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS 015 1-2 1944. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.
[51] *Þjóðólfur*, 28.04.1871, bls. 104.
[52] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), bls. 72.
[53] *Nýja dagblaðið*, 7.12.1933, bls. 4.
[54] *Morgunblaðið*, 1.08.1995, bls. 12.

Bíldshöfða 7, sem kallaður er *Fornilundur*.[55] Norðan við Hvamm, einnig á Krossamýrarbletti 1, var loðdýrarækt, en Sigurður Arnalds auglýsti starfsemina talsvert í dagblöðum og kvaðst meðal annars taka að sér silfurrefi til fóðurs og gæslu. Fyrstu auglýsinguna má finna í dagblaði frá 1936.[56]



Mynd 21. Korti frá 1957 af Ártúnshöfða varpað á núverandi skipulag. Krossamýrarblettur 1 er vestan við Krossamýrarveg, þar sem nú er Breiðhöfði. Austan við Krossamýrarveg voru blettir 2 – 15. Geil á vestanverðum Ártúnshöfða sýnir grjótnámið, en sunnar er hæðótt landslag sem sýnir sandnámið.[57]

Búið var á að minnsta að kosti sex blettum í Krossamýri og voru margir íbúar þar með búskap. Má þar meðal annars nefna Krossamýrarblett 14, en þar bjó Þorkell Einarsson með fjölskyldu sinni í um það bil 20 ár (sjá mynd 22). Þorkell, sem var húsasmíðameistari, reisti einnig trésmíðaverkstæði og hesthús á lóð sinni. Meðfram trésmíðinni rak hann búskap með fáeinar kindur, kýr og hesta.[58]

[55] *Tíminn*, 30.12.1954, bls. 8.
[56] *Nýja dagblaðið*, 22.11.1936, bls. 4.
[57] Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hirsla II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverki hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.
[58] *Morgunblaðið*, 20.06.2003, bls. 38.



Mynd 22. Krossamýrarblettur 14, smíðaverkstæði og íbúðarhús Þorkels Einarssonar.[59]

Upp úr 1950 fór að bera á iðnaði á Krossamýrarblettunum og má ætla að það hafi verið fyrsti vísirinn að þeim iðnaði sem við þekkjum á Ártúnshöfðanum í dag. Iðnaðarstarfsemin átti ekki alltaf samleið með íbúðarhúsunum sem fyrir voru. Til að mynda var Sorpeyðingarstöðin (fyrirrennari SORPU) staðsett á Krossamýrarblettum 7 og 10 (síðar Stórhöfði) á árunum 1958-1978 (sjá mynd 23).



Mynd 23. Sorpeyðingarstöðin við Stórhöfða var í notkun frá 1958-1978.[60]

Í Sorpeyðingarstöðinni var tekið við úrgangi af höfuðborgarsvæðinu og hann flokkaður. Lífrænn úrgangur fór í gerjun og úr honum var búinn til skarni sem notaður var sem áburður. Mest af úrganginum fór í malargryfjur við Vesturlandsveg, Grafarvog, Ártún og Geirsnef.[61] Sorpeyðingarstöðin olli íbúum á Krossamýrarbletti 9 töluverðum

[59] Borgarsögusafn Reykjavíkur: Gagnasafn, ljósmynd Sigurlaug Þorkelsdóttir.
[60] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 029 054 2-2. Ljósmyndari Pétur Thomsen, júlí 1961.
[61] Karen Hulda Kristjánsdóttir: *Ársskýrsla SORPU 2011*, bls. 19. Sjá heimasíðu Sorpu. Sótt 23.08.2021 af https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf

óþægindum sökum mengunar, líkt og kemur fram í bréfaskriftum íbúa og bæjarráðs Reykjavíkur frá 1959, þar sem er meðal annars bent á að áburði úr úrgangi hafi verið sturtað fyrir framan lóðir með þeim afleiðingum að drykkjarvatn hafi spillst.[62] Árekstrar voru einnig við setuliðið í fjarskiptastöðinni *General Receiving Station, Artunshofdi*.[63]

Árið 1963 var samningum við erfðafestuhafa sagt upp og upp úr 1970 voru flest húsanna fjarlægð. Undanskilinn var Krossamýrarblettur 15 (nú Bíldshöfði 12-14), þar sem Þungavinnuvélar hf. höfðu verið með verkstæðishús, og Krossamýrarblettur 7 (nú Breiðhöfði 10), þar sem Byggingariðjan (nú Einingaverksmiðjan) er til húsa. Strengjasteypuverksmiðjubygging Einingaverksmiðjunnar (Breiðhöfði 10, mhl. 01) er eina húsið frá tíð Krossamýrabletta sem stendur enn innan núverandi skipulags.

2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmála-ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[64]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

---

[62] Borgarskjalasafn: Skjöl um erfðafestulönd (E), Krossamýrarblettur 9 (E-nr. 537).
[63] Borgarskjalasafn: Skjöl um erfðafestulönd (E), Krossamýrarblettur 9 (E-nr. 537).
[64] Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2021) eru um 3.800 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer fengið úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu, dæmi: Ártún 263-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.[65] Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2633**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem felst í því að gengið er um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, *en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask*. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.[66]

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki* og eru þær friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1930. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit.* Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

---

[65] Minjastofnun Íslands: Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Lög um menningarminjar 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019.
[66] Vefur: Borgarvefsjáin. Vefslóð: http://borgarvefsja.is.

Tafla 1. Aldursflokkun minja.


Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1922-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Engar sýnilegar fornleifar eru á svæðinu nema gamla Elliðaárbrúin (232-22). Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap og er hnitsetningin tekin upp úr þeim grunni.

4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

4.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar á Ártúnshöfða

Í þessum kafla er greint frá minjum á rammaskipulagssvæðinu „Elliðaárvogur við Ártúnshöfða“[67]. Minjar eru skráðar undir jarðirnar Bústaði, Ártún og Árbæ.



Mynd 24. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á skráningarsvæðinu.[68]

[67] Rammaskipulag: Elliðaárvogur – Ártúnshöfði. *Elliðaárvogur við Ártúnshöfða*. Sótt 23.08.2021 af https://reykjavik.is/rammaskipulag-ellidaarvogur-artunshofdi-11-januar-2017

[68] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

Bústaðir 232-7 Veiðihús við Elliðaár

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-7	Neðri veiðihúsin	Veiðihús, geymsla	Heimild	1883-1958	361542	405614	50	20	Ómetið	Já



Mynd 25. Við ósa Elliðaánna í Elliðaárvogi. Húsaþyrping fyrir miðju eru neðri veiðihúsin. Fjær sést Geldinganes fyrir miðju og Gufuneshöfði til hægri. Fjallið Esja í fjarska.[69]

Staðhættir: Árið 1853 keypti Ditlev Thomsen, kaupmaður í Reykjavík, Ártún af Danakonungi, ásamt þeim veiðiréttindum Elliðaáa sem fylgdu jörðinni. Thomsen þurfti að borga töluverða fjárhæð fyrir veiðiréttindin og til að hafa upp í þann kostnað hóf hann að veiða lax af miklum krafti. Tók hann það ráð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir árósunum og setja þar fjórar laxakistur. Með þessum hætti náði Ditlev Thomsen, og síðar sonur hans H.Th.A. Thomsen, miklum afla á land en minna veiddist þá ofar í ánni þar sem aðrir höfðu veiðiréttindi. Upp úr þessu spruttu mikil málaferli og deilur sem stóðu yfir á árunum 1870-1884. Á korti frá 1869 má sjá hús í árhólmanum niður við ósana. Talið er að þarna hafi fiskgeymsluhús Thomsens staðið. Laxakisturnar voru þar skammt frá og hefur verið hægast að flytja laxinn sjóleiðina með bát til Reykjavíkur. Eftir öll málaferlin í kringum Elliðaárnar bauð Thomsen Reykjavíkurbæ að kaupa sinn hlut í ánni árið 1885 en bæjarstjórnin afþakkaði einum rómi. Árið 1897 seldi Thomsen breskum manni, H.A. Payne, sinn hlut og þá hófst tími stangveiða í Elliðaánum sem enn stendur. Payne lét byggja veiðihús þar sem fiskgeymsla Thomsens stóð áður og var veiðihúsið mönnum til afnota í nokkra áratugi. Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni. Með í kaupunum fylgdu veiðihúsin sem Payne hafði byggt. [70]

[69] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 945. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, um 1905-1920.
[70] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 86-88 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 27-29 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121.

Húsin fjögur og hlaðinn garður í kringum þrjú þeirra eru teiknuð á kort frá 1924. Syðsta veiðihúsið var flutt að Árbæjarstíflu 1930 og gert að stífluhúsi þar (262-39). Þetta hús hefur H.A.Payne líklega byggt, því það lítur út eins og annað af tveimur veiðihúsum sem stóðu rétt ofan við Vatnsveitubrúna (218-30).
Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni. Með í kaupunum fylgdu veiðihúsin sem Payne hafði byggt. Húsin voru brunavirt í maí 1924. „Veiðimannahús hin neðri“ eru þá sögð byggð úr bindingi og klædd utan með borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Eitt húsið (a) mælist 7,6 x 3,2 x 2,5 m að stærð. Í því eru 2 íbúðarherbergi. Við austurhlið þess er áfastur inngönguskúr (b). Annað (c) mælist 4,4 x 3,8 x 2,5 m að stærð. Í því er eitt íbúðarherbergi. Við það er áfastur inngönguskúr. Þriðja (e), áður kallað íshús, mælist 7 x 4,6 x 2,8 m að stærð. Í því er eitt íbúðarherbergi og stórt anddyri. Fjórða húsið (f) er eldhús og mælist 4,5 x 4,2 x 2,8 m að stærð. Í því er eldavél. Samkvæmt virðingu frá 1930 stendur þá aðeins eitt húsanna eftir, fyrrum íshúsið (e) (7 x 4,6 x 2,8 m).“ Það hefur staðið fram yfir 1958, því það er á loftmynd frá þeim tíma, en var horfið 1965.
Lýsing: Horfið. Engin ummerki um þessi hús né flóðavarnagarðinn eru nú sjáanleg, enda mikið jarðrask búið að eiga sér stað á svæðinu.

Bústaðir 232-22 Elliðaárbrú eystri

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-22	Elliðaárbrú	Brú	Brú	1883	361634	405521	10	4	Gott	Nei



Mynd 26. Eystri Elliðaárbrúin eftir að búið var að endurgera hana 1920.[71]

Staðhættir: Vegir og önnur samgöngumannvirki milli Reykjavíkur og nágrannabyggða voru mjög frumstæð fram undir lok 19. aldar. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883. Vestari brúin er nokkuð ofar í dalnum en sú eystri. Fyrir bragðið kom hlykkur á veginn (237-76) milli brúnna (sjá mynd 9), er þessi vegur er horfinn á þessu úttektarsvæði. Á árunum 1919-1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar en gömlu hlöðnu stólparnir voru samt notaðir áfram, þeir hækkaðir og steinbitar settir á milli þeirra í stað trébitanna sem fyrir voru. Brúargólfin voru líka steypt og handrið úr járni fest í steypta stólpa (sjá

[71] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 1641-2. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, 1921-1931.

mynd 26). Í þriðja sinn, eða árið 1941, voru brýrnar endurnýjaðar. Þá voru brýrnar steyptar að mestu og gerðar tvíbreiðar. Vestari brúin var þá byggð ný á móts við þá eystri en við það fór hlykkurinn af veginum.[72] Eystri brúin var auk þess rétt af en gamla og nýja sitja á sama stöpli að austan og gamla brúin er nú notuð sem göngubrú.[73]
Lýsing: Brúarstöplarnir voru hlaðnir úr tilhöggnu grágrýti, 8-10 raðir, og á milli þeirra hvíldu tveir burðarbitar. Gólfið lá svo ofan á bitunum og handrið úr tré var fest utan á bitana. Brúin, þ.e. göngubrúin, var endurnýjuð í því formi sem hún er í nú árið 1921.



Mynd 27. Gamla brúin yfir eystri ána endurgerð, horft til suðvesturs.

Bústaðir 232-37 Almenningsvöð

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-37	Almenningsvöð	Vað	Heimild	1800	361518	405520			Ómetið	Já

Staðhættir: Vaðið er merkt inn á kort eftir Sigurð málara frá árinu 1869 og hefur verið þekkt þá. Í örnefnaskrá segir „Almenningsvöð eru neðstu vöðin á ánum [Elliðaánum].“[74] Til er mynd sem sýnir mann á hesti fara yfir vestari kvíslina sunnan við neðri veiðihúsin sjá mynd 28. Líklegt er að þessi mynd sýni hvar vaðið var.
Lýsing: Vaðið er horfið undir gatnaframkvæmdir.

[72] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 82-83.
[73] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Kleppur (181166-231-2).
[74] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1).



Mynd 28. Við vestari kvíslina í Elliðaánum. Maður á hesti líklega að fara yfir ána þar sem Almenningsvöð voru um 1880-1910. Í baksýn í fjarska eru bæjarhúsin á Kleppi en nær eru neðri veiðihúsin.[75]

Bústaðir 232-88 Elliðaárbrú vestari

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-88	Elliðaárbrú	Brú	Brú	1941	361518	405545	10	4	Gott	Nei



Mynd 29. Brúin yfir vestari kvísl Elliðaánna frá 1941 árið 2021, horft í suður.


Staðhættir: Vegir og önnur samgöngumannvirki milli Reykjavíkur og nágrannabyggða voru mjög frumstæð fram undir lok 19. aldar. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883. Vestari brúin er nokkuð ofar í dalnum en sú eystri (232-23). Fyrir bragðið kom hlykkur á veginn milli brúnna (sjá mynd 9). Á árunum 1919-1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar en gömlu hlöðnu stólparnir voru samt notaðir áfram, hækkaðir og steinbitar settir á milli þeirra í stað trébitanna sem fyrir voru. Brúargólfin voru líka steypt og handrið úr járni fest á steypta stólpa (sjá mynd 26). Í þriðja sinn, eða árið 1941, voru

[75] Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-567. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson.

brýrnar endurnýjaðar. Þá voru nýjar brýr steyptar og þær gerðar tvíbreiðar. Vestari brúin var þá byggð neðar í dalnum á móts við þá eystri og við það fór hlykkurinn af veginum.[76] Eystri brúin var þá rétt af en sú gamla og nýja sitja á sama stöpli að austan en gamli hlutinn er nú notaður sem göngubrú.[77] Gamla brúin yfir vestari kvíslina er enn í notkun en farið er yfir hana þegar ekið er að veiðihúsi í Árhólmanum.
Lýsing: Brúin var öll steypt upp um 1941, stöplar, burðarbitar og gólf. Handriðið er úr járni með steyptum stöplum á endunum.

Ártún 263-18 Krossamýrarblettur 1, Hvammur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-18	Krossamýrar-blettur, Hvammur	Erfðafestu-býli, íbúðarhús	Heimild	1936-1980	362356	405623	407	145	Ómetið	Já



Mynd 30. Kortið sýnir staðsetningu Krossamýrarbletta 1-15 á núverandi skipulagi.[78]



Mynd 31. Upplýsingaskilti við Fornalund.

Staðhættir: *Krossamýrarblettir* voru fimmtán skikar sem var úthlutað til leigu eða erfðafestu á árunum 1936-38. *Krossamýrarvegur* var lagður þar sem gatan Breiðhöfði liggur nú, frá Mosfellssveitarvegi, Vesturlandsvegi, til norðurs og var blettur nr. 1 vestan við veginn en hinir fjórtán voru austan við hann. Á flestum skikunum voru reist hús og var búskapur á mörgum þeirra. Krossamýrarblettur 1 náði yfir svæði þar sem nú eru lóðirnar Bíldshöfði nr. 4-6 og 7, Breiðhöfði 1 og 3 og hluti af Þórðarhöfða 4 vestan við Breiðhöfða, áður Krossamýrarvegur. Meðal fyrstu íbúa blettanna voru Jón P. Dungal og Elísabet Jónsdóttir á Krossamýrarbletti 1. Þau fengu leyfi til að reisa einlyft timburhús, um 60 m², á skikanum árið 1936, sem nefnt var *Hvammur*. Þar voru þau með garðrækt, en auk þess var þar refabú. Á blettinum lögðu þau grunninn að trjálundi þar sem ræktaðar voru sjaldgæfar

[76] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 82-83.
[77] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Kleppur (181166-231-2).
[78] Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hirsla II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverki hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.

plöntur, eins og eplatré.[79] Þau hlutu viðurkenningu Fegrunarfélags Reykjavíkur árið 1954 fyrir garðinn. Hluti af trjálundinum er nú hluti „Fornalundar“, lystigarðs B.M.Vallár að Bíldshöfða 7.[80] Íbúðarhúsið Hvammur stóð vestan við Fornalund.
Lýsing: Íbúðarhúsið Hvammur var horfið fyrir 1984,[81] en trjálundurinn er eftir. Engin ummerki eru lengur eftir Krossamýrarblettina en áhrifa þeirra gætir í skipulagi, staðsetningu og legu gatna.

Ártún 263-20 Fenton Street Camp - Elliðaárhverfi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-20	Fenton Street Camp Elliðaárhverfi	Herskálahverfi	Heimild	1940-1946	362544	406012			Ómetið	Já



Mynd 32. Elliðaárhverfi við Ártúnsbrekku, áður Fenton Street Camp, í júní 1959.[82]

Staðhættir: *Fenton Street Camp* var við Ártúnsbrekku þar sem Sævarhöfði 2 er nú (2021). Í fyrstu voru þetta búðir reistar af Breska hernum fyrir stórskotaliðsfylki (Artillery Regiment) sem þó hafði þar einungis aðalstöðvar og þriðjung liðsaflans, samtals um 250 menn. Seinna tók Bandaríkjaher við búðunum og fékk loftvarnabyssuflokkur sem taldi um 150 menn þær til íbúðar. Þegar þeir fluttu annað voru herbúðirnar notaðar um hríð af byggingarsveit hersins og fleiri fámennum liðsveitum.[83] Eftir að setuliðið yfirgaf braggana nýttu íslenskar fjölskyldur sér hluta af kampinum sem fékk þá nafnið *Elliðaárhverfi*.[84]
Lýsing: Horfið.

---

[79] *Morgunblaðið*, 1.08.1995, bls. 12.
[80] *Tíminn*, 30.09.1954, bls. 8.
[81] Loftmynd í LUKR 1984.
[82] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: HSC 223 61. Ljósmyndari: Hermann Schlenker, júní 1959.
[83] Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 27.08.2021. Liðsaflaskýrslur bresku og bandarísku herstjórnarinnar á Íslandi í þjóðskjalasöfnum Breta í London og Bandaríkjamanna í Washington - Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.
[84] Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409 Leitarorð= Elliðaárhverfi.

Ártún 263-21 Beitarhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-21		Beitarhús	Heimild	1900	362405	406062	11	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Þar sem nú (2021) stendur steinsteypt hús á lóðinni Breiðhöfða 11 var áður rúst sem merkt var inn á kort af Krossamýri frá árinu 1933, 1951 og 1957.[85] Tóftin stóð við grasbala vestan við Krossamýrarblett 8 og sést vel á loftmynd frá 15. júlí 1946.[86] Rústinni og eldri minjum hefur væntanlega verið rutt í burtu þegar húsið var byggt 1964. Sjá myndir 5 og 6.
Lýsing: Horfið.

Ártún 263-22 Fjarskiptastöð


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-22		Fjarskipta-stöð, herminjar	Heimild	1940-46	362544	406012			Ómetið	Já



Mynd 33. Horft norður yfir Krossamýrarbletti á loftmynd frá 6. mars 1946. Efst á myndinni má sjá sex fjarskiptamöstur og nokkra bragga við nyrsta mastrið. Auk þess er við norðurendann á Krossamýrarvegi herskálahverfi sem samanstendur af mörgum bröggum. Á Krossamýrarbletti 1 er húsið Hvammur og norðar loðdýrahús, en vestan við loðdýraræktina sjást ummerki um grjót- og sandnám bæjarins. Austan við Krossamýrarveg eru íbúðarhús á Krossamýrarblettum 14 og 15. Neðst á myndinni er Mosfellssveitarvegur.[87]

[85] Borgarsögusafn Reykjavíkur: Uppdráttur, Krossamýri, 1: 2000, nóvember 1933, B.Th, eignarkort, EF 441 (26), Uppdráttur Ef441. Reykjavík 1:2000 (26). Mælt í júlí og ágúst 1951. Ólafur Guðmundsson, Pétur Guðmundsson og uppdráttur Reykjavík 1:2000 bl.441 (26). Mælingadeild III-2, 1957.
[86] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS F001 3-1. 15. júlí 1946, loftmynd af Reykjavík. Ljósmyndari óþekktur.
[87] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir, 6. mars 1946.

Staðhættir: Á tímum hersetunnar var fjarskiptastöð breska flughersins á Ártúnshöfða við Krossamýri á svæði frá Dverghöfða í norður að Eldshöfða. Þar voru áður Krossamýrarblettir 5-12. Stöðin *General Receiving Station, Artunshofdi* tók til starfa í ágúst 1941, eftir að starfsemin var flutt frá Reykjavíkurflugvelli (úr Corbett Camp við Nauthólsvík). Nokkrir tugir manna störfuðu við stöðina, en hún var í nokkrum bröggum og hjá þeim stóðu allmörg grindamöstur og staurar sem héldu uppi vírunum sem mynduðu móttökuloftnet af nokkrum gerðum.[88] Á loftljósmynd sem tekin var 6. mars 1946 má sjá sex loftskeytamöstur á Krossamýrarblettum nr. 6, 12, 11 og 10, sjá mynd 33. Braggaþyrping var á bletti nr. 7, þar sem nú er lóðin Breiðhöfði 10, og vestan við hann, þar sem nú eru bílastæði á lóðinni Þórðarhöfða 4. Á annarri loftmynd frá sama ári eru möstrin og braggarnir horfin, nema einn braggi við endann á Krossamýrarvegi.[89]
Lýsing: Horfið.



Mynd 34. Staðsetning fjarskiptastöðvar W/T Receiving Station á Ártúnshöfða.[90]

[88] Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 28.08.2021, Royal Air Force Museum: Air Ministry Drawing No. 2043/43, Iceland, Reykjavik Area, Site Plan W/T Transmitting Station Leynimýri & W/T Receiving Station Bjarnason (Artunshofdi).
[89] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS F001 3-1. Ljósmyndari óþekktur, 15. júlí 1946.
[90] Upplýsingar frá Friðþóri Eydal 28.08.2021, skjalasafn Borgarsögusafns.


Ártún 263-33 Krossamýrarblettur 14

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-33	Krossamýrar-blettur 14	Erfðafestu-býli	Heimild	1936-72	362694	405652	11,3	8,6	Ómetið	Já

Staðhættir: Krossamýrarblettur 14 var að stærstum hluta á lóðinni þar sem nú (2021) er Bíldshöfði 9 og Vagnhöfði 1 og 3. Krossamýrarblettir voru fimmtán skikar sem var úthlutað til leigu eða erfðafestu á árunum 1936-38 og var nr. 1 þeirra stærstur. Krossamýrarvegur var lagður þar sem gatan Breiðhöfði liggur nú frá Mosfellssveitarvegi, Vesturlandsvegi, til norðurs og var blettur nr. 1 vestan við veginn en hinir fjórtán voru austan við hann. Á flestum skikunum voru reist hús og búið var á sex blettum og var búskapur á mörgum þeirra. Á Krossamýrarbletti 14 bjuggu Þorkell Einarsson húsasmíðameistari og Alfa R. H. Ásgeirsdóttir í tuttugu ár. Reistu þau þar íbúðarhús, trésmíðaverkstæði og voru með dálítinn búskap, fáeinar kindur, eina til tvær kýr og hesta, sjá mynd 21.[91]
Lýsing: Horfið.

Ártún 263-43 Krossamýrarblettir 1-15

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-43	Krossamýrar-blettir	Erfðafestu-land	Heimild	1935-1970	362561	405827			Ómetið	Já



Mynd 35. Teikning af Krossamýrar-blettum frá 1957 á nýlegum kortagrunni LUKR.[92]



Mynd 36. Krossamýrarblettir árið 1946, horft til norðausturs.[93]

Staðhættir: Krossamýrarblettir voru erfðafestublettir í Krossamýri á Ártúnshöfða. Á landsvæði þar sem nú eru göturnar Breiðhöfði, Bíldshöfði, Dvergshöfði, Vagnhöfði, Hyrjarhöfði, Funahöfði og Stórhöfði. Krossamýrarblettir voru fimmtán skikar sem var úthlutað til leigu eða erfðafestu á árunum 1936-38 og var nr. 1 þeirra stærstur.

---

[91] *Morgunblaðið*, 20. júní 2003, bls. 38.
[92] Samsett kort: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Landupplýsingar. Kortasafn. Hirsla II, mappa 13-3. Kort af Árbæ (1:5000), unnið af Forverki hf. 1962, útg. af Skipulagsstjóra ríkisins, blað 44 – Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir og Alma Sigurðardóttir, Borgarsögusafni.
[93] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-47. Ljósmyndari Sigurhans Vignir, 6. mars 1946.

Krossamýrarvegur (263-51) var lagður þar sem gatan Breiðhöfði liggur nú, frá Mosfellssveitarvegi, Vesturlandsvegi, til norðurs og var blettur nr. 1 vestan við veginn en hinir fjórtán voru austan við hann. Á flestum skikunum voru reist íbúðarhús og var búskapur á mörgum þeirra. Teikningar eru til af íbúðarhúsum á Krossamýrarblettum 6, 7, 9, 10, og af bifreiðaskýlum á nr. 15. Erfðafestu var sagt upp 1963 og upp úr 1970 voru flest húsanna fjarlægð.[94] Engin ummerki eru lengur eftir blettina en áhrifa þeirra gætir í skipulagi, staðsetningu og legu gatna.
Lýsing: Horfið.

Ártún 263-44 Grjót- og sandnám

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-44	Grjótnám Reykjavíkur	Sand-grjótnám	Heimild, náma	1930	361810	405695			Slæmt	Nei

Staðhættir: Með aukinni þörf á byggingarefni voru opnaðar sand- og malarnámur í landi Ártúns upp úr 1929.[95] Tekin var möl úr gömlu ísaldaráreyrunum sem voru neðst í Elliðaárdal þar sem nú eru jarðhúsin við Ártúnsbrekkuna og á Ártúnshöfða við Elliðaárvog, sjá mynd 12 og 13. Seinna, eða um 1940, var opnað grjótnám nyrst við Ártúnshöfða eða norðan við Krossagil, en þær námur tóku við af grjótnámunni á Rauðarárholti sem var endanlega lokað 1945. Gömlu grjótmulningsvélarnar voru þá fluttar í námuna við Elliðaárvog auk þess sem nýjar vélar voru fluttar inn frá Ameríku.[96] Grjótmulningsstöðin var elst þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurbær átti. Síðar var grjót einnig flutt á vögnum frá grjótnámi í Selási í grjótmulningsstöðina á Ártúnshöfða. [97] Í malarnámunni við Elliðaárvog risu síðar Steypustöð og Malbikunarstöð.



Mynd 37. Hluti af ljósmynd frá 6. mars 1946. Horft yfir Elliðaárvog og leirurnar áður en uppfylling á voginum hófst. Norðan við Krossagil er grjótnámið en sunnan var sandnámið.[98]

Við Ártúnsbrekkuna á vestanverðum Ártúnshöfða, á svæði þar sem nú eru göturnar Sævarhöfði og Malarhöfði, var grjót- og sandnám. Þá var sandnámið á svæði þar sem nú er

[94] Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði Svæði 1-4. Húsakönnun*, bls. 13.
[95] *Morgunblaðið,* 23.2.1929, bls. 2.
[96] *Vísir,* 11.02.1942, bls. 1. *Morgunblaðið,* 8.12.1925, bls. 5. *Lesbók Morgunblaðsins,* 2.12.1945, bls. 599.
[97] *Vísir*, 11.08.1965, bls. 8.
[98] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-24. Ljósmyndari, Sigurhans Vignir. 6. mars 1946.

lóðin Malarhöfði 6, 7, og 10. Árið 1996 sameinuðustu tvö fyrirtæki í eigu borgarsjóðs, Grjótnám Reykjavíkur og Malbikunarstöð Reykjavíkur, og urðu Malbikunarstöðin Höfði hf. sem er starfrækt við Sævarhöfða 6-10.[99] Sjá myndir 14-18.



Mynd 38. Landsvæði við Sævarhöfða þar sem áður var sandnám, horft til suðvesturs.



Mynd 39. Gamli námuveggurinn við Sævarhöfða 12, horft til austurs.

Lýsing: Enn má sjá ummerki eftir námuna, bergstálið sem stendur upp af Sævarhöfða 12. Á stórum hluta námasvæðisins eru nú iðnaðarbyggingar, malbikuð bílastæði og vinnslusvæði fyrir möl og sand.


Ártún 263-45 Mosfellssveitarvegur, Ártúnsbrekka

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfinn
263-45	Mosfellssveitar-vegur	Vegur	Heimild	1905-	361839	405504			Ómetið	Já

Staðhættir: Mosfellssveitarvegur, síðar Vesturlandsvegur, var þjóðvegur sem lá til austurs upp frá eystri brúnni (232-22) yfir Elliðaárnar, upp Ártúnsbrekku við Ártúnshöfða þar sem nú er vestasti hluti Bíldshöfða. „Árið 1905 var hafin vegagerð frá Elliðaám, upp Ártúnsbrekku, og komst vegur það sumar upp á móts við Keldur. Varmá var brúuð árið 1910, en Kaldakvísl 1912, og komst vegur það ár á Leirvogstungumela. Brú á Leirvogsá

[99] Malbikunarstöðin Höfði hf. heimasíða. Sótt 18. mars 2021 af https://malbik.is/

var upphaflega byggð árið 1892, en endurbyggð 1922. Það haust komst vegur í Kollafjörð. Árið 1926 var haldið áfram vegagerð frá Kollafirði og unnið áfram næstu árin.“[100]
Vegurinn er teiknaður sem vagnavegur, tvöföld lína, á herforingjaráðskort 1909 frá Ártúnsbrekku að Lágafelli.[101]
Lýsing: Horfinn, en vegstæðið er enn notað á nokkrum stöðum, s.s. *þar sem nú er vestasti hluti Bildshöfða*, afleggjarar að Laxalóni og Grafarholti og Vesturlandsvegur víða.




Mynd 40. Mosfellssveitarvegur á herforingjaráðskortum 1909, tvöföld lína. Frá Elliðaárbrú að Grafarholti með Hamrafelli og Lágafelli.[102]

Ártún 263-47 Hús við Elliðaárvog

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfið
263-47		Hús	Heimild	1930	361810	405695			Ómetið	Já

Staðhættir: Austan við Elliðaárvog stóð líklega íbúðarhús þar sem nú er lóðin Sævarhöfði 2. Ekki er þekkt hvað hús þetta hefur verið.
Lýsing: Horfið.

[100] Jón Guðnason. *Verkmenning íslendinga*. V. Vegamál, bls. 22.
[101] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: *Reykjavík. 27 Reykjavík N.A*. og *Mosfellsheiði. 37 Hengill N.V*.
[102] Hluti af tveimur kortum: Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: *Reykjavík. 27 Reykjavík N.A*. og *Mosfellsheiði. 37 Hengill N.V*.



Mynd 41. Elliðaárósar 1930. Húsið (263-47) er neðst á myndinni, ofar má sjá gömlu brýrnar (232-22, -23) yfir Elliðaárnar og eitt af veiðihúsunum neðri (232-7) við botn Elliðaárvogs.[103]

Ártún 263-49 Sorpeyðingarstöðin

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd M	Ástand	Horfin
263-49	Sorpeyðingarstöðin	Sorp, úrgangur	Heimild	1958-1978	362693	406029			Ómetið	Já

Staðhættir: Sorpeyðingarstöð var þar sem nú er athafnasvæði við Svarthöfða 1. Sjá mynd 23. Sorpeyðingarstöðin (fyrirrennari SORPU) var staðsett á Krossamýrarblettum 9 og 10 (síðar Stórhöfði) á árunum 1958-1978. Í Sorpeyðingarstöðinni var tekið við úrgangi af höfuðborgarsvæðinu og hann flokkaður. Lífrænn úrgangur fór í gerjun og úr honum var búinn til skarni sem notaður var sem áburður. Mest af úrganginum fór í malargryfjur við Vesturlandsveg, Grafarvog, Ártún og Geirsnef.[104] Sorpeyðingarstöðin olli íbúum á Krossamýrarbletti 9 töluverðum óþægindum sökum mengunar og lyktar.[105]
Lýsing: Horfin.


Árbær 262-46 Gata

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-46		Gata/leið	Heimild	1800	362876	405733			Ómetið	Já

Staðhættir: Frá upphafi byggðar lágu götur á milli bæja. Leifar af þessu vegakerfi má sjá á korti af svæðinu frá árinu 1909 sem svartar einfaldar línur. Upp úr 1880 hófst gerð vagnavega og samhliða því voru Elliðaárnar brúaðar 1883. Gata eða leið lá frá Reiðskarði í

[103] Ljósmyndasafn Reykjavíkur. ÁBS LS 33-03. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson.
[104] Karen Hulda Kristjánsdóttir: Ársskýrsla SORPU 2011, bls. 19. Sótt af heimasíðu Sorpu 25.08.2021 af https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf
[105] Borgarskjalasafn: Skjöl um erfðafestulönd (E), Krossamýrarblettur 9 (E-nr. 537).

norðaustur að gamla Suðurlandsveginum/Austurveginum (263-42), þar sem nú er Seiðakvísl 30, til norðausturs að Mosfellssveitarvegi (263-45), sunnan við Krossamýrarbletti og þaðan í austur fyrir botn Grafarvogs að Keldum.[106] Hægt er að greina þessa gömlu leið á loftljósmynd frá árinu 1945.[107]
Lýsing: Horfin á þessu skipulagssvæði en sést við botn Grafarvogs.



Mynd 42. Kort frá 1909. Frá upphafi byggðar lágu slóðar á milli bæja, merktir sem svartar, einfaldar línur á kortið en um 1880 hófst gerð vagnavega, sem eru merktir með tvöföldum línum. Frá Elliðaánum í austur voru tveir vagnavegir, Mosfellssveitarvegur og Suðurlandsvegur.[108]

Ártún 262-48 Trönur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfnar
262-47		Trönur	Heimild	1950	362823	405782			Ómetið	Já

Staðhættir: Austan við Krossamýrarblett voru trönur þar sem nú eru lóðir sem tilheyra Hamarshöfða, Smiðshöfða, Dverghöfða og Vagnhöfða. Ekki er ljóst hvaða fyrirtæki þurrkaði fisk á þessum stað.
Lýsing: Horfið, sést á loftmyndum af svæðinu frá árinu 1954 og 1965.

Árbær 262-50 Vegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfinn
262-50		Vegur	Vegur, heimild	1950-1980	362920	406050			Slæmt	Að mestu

Staðhættir: Vegur lá frá Mosfellssveitarvegi neðst við Ártúnsbrekkuna til norðurs yfir sandnámið yfir í Ytriurð við Grafarvog og er greinilegur á loftmyndum frá 1954.[109]

[106] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: *Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.*
[107] Landmælingar Íslands: Loftmynd AMS 1000721011-1945.
[108] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: *Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.*
[109] Borgarvefsjá: Loftmyndir 1954 og 1965.

Vegurinn er að mestu horfinn undir gatna- og gangstígagerð í landi Ártúns (263-50) en hluti af honum er enn greinilegur í Ytriurð neðan við Stórhöfða 15.
Lýsing: Það sem eftir er af veginum er lúpínuvaxið en vel greinilegt.



Mynd 43. Gangstígur kominn í gamla vegstæðið sem er vel greinilegt fjær, lúpínuvaxið, fyrir neðan Stórhöfða 15. Strandlínan var áður þar sem vegurinn liggur núna. Horft til austurs.



Mynd 44. Vegurinn (263-50), lúpínuvaxinn, horft til vesturs eftir Ytriurð.

4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Ártúnshöfði hefur orðið fyrir miklum breytingum frá fyrri tíð vegna sand- og grjótnáms, byggingarframkvæmda, gatnagerðar og landfyllinga.

Á skráningarsvæðinu eru skráðar 16 fornleifar og yngri minjar, flestar eftir heimildum. Einar fornleifar eru þó sjáanlegar, gömul brú yfir Elliðaár, og eru það merkar samgönguminjar sem hafa hátt minjagildi. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti eða heimildum.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

Tafla 2 Aldursflokkun og fjöldi skráðra minja á skráningarsvæðinu.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Skráðar minjar
1	Fornleifar 100 ára og eldri	● Rauður	6
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	1
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn	7
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	2

Fornleifar á skráningarsvæðinu

Friðaðar fornleifar 100 ára og eldri eru sex talsins og af þeim eru einar sjáanlegar, brú yfir Elliðaár (232-22), merkar samgönguminjar. Fimm eru taldar horfnar eða mjög laskaðar, beitarhús (263-21), gata/leið (262-46), gamla Ártúnsbrekkan/Mosfellssveitarvegur (263-45), Almenningsvöð (232-37), veiðihúsin neðri (232-7). Einn minjastaður er í gulum flokki, horfið hús (263-47).

Yngri minjar á skráningarsvæðinu

Sjö yngri minjar eru í grænum flokki, allar skráðar eftir heimildum. Helst er að nefna erfðafestubýlin á Krossamýrarblettum við Krossamýrarveg þar sem nú er Breiðhöfði. Sand- og grjótnám hefur sett mark sitt á svæðið og enn má greina ummerki eftir það, bergstál við Sævarhöfða 12.

Herminjar

Allar herminjar er horfnar af svæðinu. Á Ártúnshöfða var fjarskiptastöð nefnd *General Receiving Station, Artunshofdi* (263-22). Þar voru tvær braggaþyrpingar og nokkur loftskeytamöstur. Annað herskálahverfi var austan við Elliðaárnar, *Fenton Street Camp,* sem síðar var nefnt Elliðaárhverfi eftir að Íslendingar tóku sér þar bólfestu þegar húsnæðisskorturinn var sem mestur.

Menningarmerkingar, tillögur

Á svæðinu eru nokkrir staðir sem eru tilvaldir fyrir menningarmerkingar, þar sem hægt er að rekja þróunarsögu svæðisins:

- Við gömlu Elliðaárbrúna, Elliðaárbrýrnar eru einstakar minjar um samgöngur og brúargerð. Þar mætti kynna þróun samgangna.
- Við Geirsnef, þar sem neðri veiðihúsin stóðu, mætti fjalla um veiðar í Elliðaám fram til þessa.

- Nálægt Bíldshöfða eða við Fornahvamm mætti segja frá því þegar Krossamýrablettir byggðust upp, en það er hluti af sögu byggðarþróunar í Reykjavík.
- Við Sævarhöfða mætti segja frá sand- og grjótnámi á svæðinu.
- Nálægt Sævarhöfða 2 væri hægt að kynna sögu setuliðsins á svæðinu.

5. Heimildir

Óprentaðar / óútgefnar heimildir / skjöl

Borgarsögusafn Reykjavíkur:
Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).
Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.
Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.
Kortasafn.
Ýmis kort og uppdrættir.
Skjalasafn um fornleifar.
Rafræn gögn.
Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
Ljósmyndir úr safneign.

Landmælingar Íslands:
Loftmyndasafn:
Kortasafn.

Landsbókasafn Íslands:
Íslandskort.

Minjastofnun Íslands:
Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Sótt 30.08.2021 af http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf
Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019: Sótt 30.08.2021 af https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b

Reykjavíkurborg:
Rammaskipulag: Elliðaárvogur – Ártúnshöfði. *Elliðaárvogur við Ártúnshöfða*. Sótt 23.08.2021 af https://reykjavik.is/rammaskipulag-ellidaarvogur-artunshofdi-11-januar-2017
Ártúnshöfði – uppbygging hverfis. Sótt 23.08.2021 af https://reykjavik.is/framkvaemdasjain/artunshofdi-uppbygging-hverfis

Stofnun Árna Magnússonar:

Örnefnasafn. Vefslóð: https://sarpur.is/

Þjóðminjasafn Íslands:

Ljósmyndir úr safneign.

Prentaðar / útgefnar heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir: *Rammaskipulag Elliðaársvogs, fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu*, Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2006.

Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði Svæði 1-4. Húsakönnun,* skýrsla 211, Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur.* Land og saga.

Árni Óla: „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957, bls. 487-488.

Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, Ritstj. Guðmundur Daníelsson. Reykjavík 1968.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, Pjaxi 2005.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi, *Lykilbók*. Reykjavík 1989.

Eggert Þór Bernharðsson: Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970. JPV útgáfa 2000.

Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*. Kristín Ástgeirsdóttir sá um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 1978.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn, I.–XV. bindi. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857–1950.

Jakob Benediktsson: Íslendingabók – Landnámabók. Íslenzk fornrit I.

Jón Guðnason. (1975). Verkmenning íslendinga. V. Vegamál. Bóksala stúdenta. Reykjavík.

Lesbók Morgunblaðsins, 2.12.1945.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Morgunblaðið, 8.12.1925, 23.2.1929, 1.08.1995, 20.06.2003.

Páll Líndal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund.* 1. bindi. Örn og Örlygur. Reykjavík 1987.

Nýja dagblaðið, nóvember 1936, 7. desember 1933.

Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: Fornar rætur Árbæjar, fornleifarannsókn, áfangaskýrsla 2016, skýrslur Borgarsögusafns 2017.

Tíminn, 30.09.1954.

Oddgeir Isaksen; *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 1. Reykjavík 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is/ → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit

Vísir, 11.02.1942, 11.08.1965.

Þjóðólfur, 28.04.1871.

Þjóðviljinn: 28.03.1958.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum.* Vaka Helgafell 2002.

Rafrænar heimildir / vefsíður / gagnagrunnar

Borgarvefsjá: http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/.

Karen Hulda Kristjánsdóttir: Ársskýrsla SORPU 2011, bls. 19. Sótt af heimasíðu Sorpu 25.08.2021 af https://sorpa.dccweb.net/media/2/arsskyrsla_sorpa_2011_net_opnur.pdf

Malbikunarstöðin Höfði hf. heimasíða. Sótt 18. mars 2021 af https://malbik.is/

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: http://sarpur.is/

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/ →Söfn: Skipulagsuppdrættir. Aðaluppdrættir.

Vefur alþingis: http://www.althingi.is/.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: http://borgarsogusafn.is/ → Útgáfa → Skýrslur

Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409

Vefur Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is/.


Vefur Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/ → Þjónusta → Skipulag → Skipulag í kynningu / Skúlagata – Frakkastígur. Sótt í sept. 2020.


Viðauki 1

Minjatafla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-7	Neðri veiðihúsin	Geymsla, veiðihús	Heimild	1853-1950	361542	405614	50	20	Ómetið	Já
232-22	Elliðaárbrú	Brú	Brú	1883	361634	405521	10	4	Gott	Nei
232-37	Almenningsvöð	Vað	Heimild	1000-1883	361500	405573			Ómetið	Já
232-88	Elliðaárbrú vestari	Brú	Brú	1940	361518	405545	27	8,8	Gott	Nei
263-18	Krossamýrarblettur 1, Hvammur	Íbúðarhús, erfðafestubýli	Heimild	1936-1980	362356	405623	407	145	Ómetið	Já
263-20	Fenton Street Camp	Herminjar, braggi	Heimild	1940	361727	405594	150	100	Ómetið	Já
263-21		Útihús	Heimild	1900	362405	406062	11	5	Ómetið	Já
263-22	Fjarskiptastöð á Ártúnsholti	Fjarskipti	Heimild	1940-1946	362544	406012	44	27	Ómetið	Já
263-33	Krossamýrarblettur 14	Íbúðarhús, erfðafestubýli	Heimild	1936-1972	362694	405652	11,3	8,6	Ómetið	Já
263-43	Krossamýrarblettir 1-15	Erfðafestuland	Heimild	1935-1970	362561	405827			Ómetið	Já
263-44	Grjótnám Reykjavíkur	Sandnáma, grjótvinnsla	Náma	1930	361810	405695			Slæmt	Nei
263-45	Mosfellssveitarvegur-Vesturlandsvegur	Vegur	Heimild	1883	361839	405504			Ómetið	Já
263-47		Hús	Heimild	1930	361810	405695	5	4	Ómetið	Já
263-49	Sorpeyðingarstöð	Sorp, meðferð	Heimild	1958-1978	362693	406029	60	23	Ómetið	Já
262-46		Gata	Heimild	1800	362876	405733			Ómetið	Já
262-48		Trönur	Heimild	1950	362823	405782	170	91	Ómetið	Já
262-50		Vegur	Heimild	1950-1980	362920	406050			Slæmt	Að mestu

Minjakort


Fornleifar 100 ára eða eldri
Minjar frá 1922-1930
Minjar frá 1930 og yngri
Herminjar frá 1940 og yngri
Horfnar leiðir 100 ára eða eldri
Minjar frá 1920-1930
Minjar frá 1920-1930 horfnar
Minjar frá 1930 og yngri
Minjar frá 1930 eða yngri, horfnar
Horfnir vegir frá 1930 eða yngri
Strandlína um 1900
Afmörkun skipulagssvæðis
262-46
262-47
262-50
263-17
263-18
263-20
263-21
263-22
263-23
263-24
263-32
263-33
263-43
263-44
263-45
263-47
263-49
263-50
263-51
232-7
232-73
232-80
0
100
200
400 m


Fornleifar 100 ára eða eldri
Minjar frá 1922-1930
Minjar frá 1930 og yngri
Herminjar frá 1940 og yngri
Fornleifar 100 ára og eldri
Fornleifar 100 ára eða eldri, horfnar
Horfnar leiðir 100 ára eða eldri
Minjar frá 1921-1930
Minjar frá 1921-1930, horfnar
Minjar frá 1930 eða yngri, horfnar
Horfnir vegir frá 1930 eða yngri
Strandlína um 1900
Afmörkun skipulagssvæðis
N
0
30
60
120 m
Camp Hickman
Camp Fer
Árkjaftar
Neðri veiðihúsin
Melbakki
Sæbraut
Ártúnsbrekka
Sjávarfoss
Austurá
263-45
263-17
263-20
263-32
232-22
232-73
232-74
232-80
232-7
232-88
234-37
232-23

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

160 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur.* Rvk. 2012.

161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.

162 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.

163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.

164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.

165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.

166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.

167 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.

168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.

169 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.

170 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.

171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.

172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.

173 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.

174 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.

175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.

176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi.* Rvk. 2016.

177 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.

178 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.

179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016.* Rvk. 2017.

180 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning.* Rvk. 2017.

181 María Gísladóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2017.

182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Elliðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.

183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.

184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitur. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.

185 Anna María Bogadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2017.

186 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.

187 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals.* Rvk. 2017.

188 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes.* Rvk. 2018.

189 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsá að Hvalfirði.* Rvk. 2018.

190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017.* Rvk. 2018.

191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi.* Rvk. 2018.

192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði.* Rvk. 2018.

193 Anna Sofia Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut.* Rvk. 2018.

194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli.* Rvk. 2018.

195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár.* Rvk. 2019.

196 Anna Sofia Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019.

197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018.* Rvk. 2019.

198 Anna Sofia Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða.* Rvk. 2019.

200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019

201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags.* Rvk. 2019.

202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019.* Rvk. 2020.

203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2020.

204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2020.

205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir:. *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.

211 Alma Sigurðardóttir og Drífa K. Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. desember 2021

Varðar:

Deiliskipulag Elliðaárvogur/Ártúnshöfði
Svæði 1: Krossamýrartorg

Svör við athugasemdum

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1. - Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 16 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 1570 íbúða, verslunar- og þjónustusvæði við Krossamýrartorg, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð.

Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins BREEAM Communities.

Tillagan fyrir svæði 1 er lögð fram í samræmi við eftirfarandi gögn ráðgjafa frá ASK arkitektum og Arkís arkitektum:

- Almenn greinargerð fyrir svæði 1 (og svæði 2), Arkís arkitektar, dags. 4. júní 2021 ***og síðast uppfærð 3. desember 2021***
- Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð fyrir svæði 1, ASK arkitektar, dags. 4. júní 2021 ***og síðast uppfærðir 3. desember 2021.***
- Deiliskipulags- og skýringaruppdrættir, ASK arkitektar, dags. 4. júní 2021 ***og síðast uppfærðir 3. desember 2021.***

Einnig er lögð fram

- Hönnunarhandbók fyrir opin svæði, inngarða og almenningsrými dags. 4. júní 2021, unnin af Landslagi
- Samgöngumat Verkís dags. júní 2021, ***síðast uppfært 1. desember 2021***
- Húsakönnun fyrir Ártúnshöfða svæði 1-4 dags. apríl 2021
- Hljóðvistarskýrsla Verkís dags. maí 2021
- Umhverfisskýrsla Verkís dags. maí 2021
- Mengunarrannsókn Verkís dags. maí 2020

Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn:

1. Veitur dags. 18. ágúst 2021
2. Stefán Auðólfsson f.h. Tak-Malbik ehf. dags. 31. ágúst 2021
3. Samtök um bíllausan lífstíl dags. 31. ágúst 2021
4. Árni Davíðsson dags. 31. ágúst 2021

Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. september 2021 og er nú lagt fram að nýju ásamt fornleifaskráningu Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 212, dags. 2021.

Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021.
Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsögn:

1. Veitur, dags. 18. ágúst 2021
2. Stefán Auðólfsson f.h. Tak-Malbik ehf., dags. 31. ágúst 2021
3. Samtök um bíllausan lífstíl, dags. 31. ágúst 2021
4. Árni Davíðsson, dags. 31. ágúst 2021

Athugasemdir/ábendingar bréfanna eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Bréf Veitna, dags 18. ágúst 2021

Athugasemd við almenna greinargerð
Veitur ítreka fyrri athugasemdir varðandi umfjöllun um dreifistöðvar rafmagns, m.a. að gert er ráð fyrir að byggja þurfi 6 dreifistöðvar á deiliskipulagssvæðinu (svæði 1). Enn fremur að Veitur kosta ekki aðra útfærslu á dreifistöðvum en einingarstöðvar og smádreifistöðvar. Kostnaður við aðra útfærslu leggst á þriðja aðila.

Svar: Mikilvægt er að að dreifistöðvar falli vel að byggð. Kostnaður við einstaka útfærslu dreifistöðva er ekki hluti af gerð deiliskipulags og leysist í verkhönnunarfasa.

Athugasemd við dreifistöðvar: staðsetning, uppbygging og aðgengi

- Dreifistöðvarýmin sem byggð verða á reitum 8, 9A, 9B, 9C, 10B og 11 verða hluti af byggingunni sem þau tilheyra og munu Veitur ekki eiga rýmið né eignast það, rýmið skal vera í sameign allra samkvæmt 6. gr. sbr. 8. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Kostnaður við uppbyggingu dreifistöðva mun falla á lóðarhafa.
- Dreifistöð á reit 1 verður á eigin lóð. Lóðin verður 4 x 4 m að stærð og verður aðkoma að vera tryggð frá götu svo hægt sé að sinna viðhaldi.
- Lóðarhafi skilar rýminu til Veitna samkvæmt ítrustu kröfum Veitna sem fram koma í leiðbeiningaskjali LAV-810, Dreifistöðvar í byggingum annarra. Dreifistöðvarnar á reitum 8, 9A, 9B, 9C, 10B og 11 skulu vera staðsettar á 1.hæð (jarðhæð) með aðkomu mannskaps og tækja frá götu, staðsetning „A“ í leiðbeiningaskjali LAV- 810. Aðkoma vinnutækja og starfsmanna skal vera tryggð á öllum tímum sólarhringsins fyrir rekstur og viðhald. Afnotaréttur af dreifistöðvarými og umferðarréttur um lóðina og réttur til að grafa niður jarðstrengi, er kvöð á húsi og lóð og í gildi allan þann tíma sem Veitur starfrækja dreifistöð í húsinu. Veitur hafa heimild til að setja niður og viðhalda lögnum og strengjum á lóð og ganga um sameign eins og rekstur dreifistöðvarinnar krefst hverju sinni.
- Staðsetningar og umfangs dreifistöðva skal getið í eignaskiptasamningi sem lagður er fyrir byggingarfulltrúa til samþykktar áður en lokaúttektarvottorð verður gefið út .

Athugsemd við dreifistöðvar: kostnaður

- Kostnaður við uppbyggingu dreifistöðva mun falla á lóðarhafa. Lóðarhafi afhendir Veitum rýmið endurgjaldslaust og ekki verður um neinar greiðslur að ræða fyrir afnot Veitna af rýminu á meðan dreifistöðin er starfrækt. Þegar gengið hefur verið frá öllu, í samræmi við það sem að framan greinir, skulu Veitur taka út verkið.
- Á meðan Veitur starfrækja dreifistöðina í hinu leigða rými skulu Veitur sjá um og kosta viðhald innandyra á hinu leigða rými auk viðhalds á hurðum og loftristum. Að öðru leyti fellur kostnaður við viðhald á húsnæðinu undir sameign allra samkvæmt 43. gr., og sbr. 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

- Hætti Veitur að starfrækja dreifistöð í rýminu, fellur það aftur til húseigenda inn í sameign allra endurgjaldslaust.“

Almennar athugasemdir

- Veitur benda á skilmála um inntakstaði og heimlagnir og að nauðsynlegt er að aðkoma lagna sé tryggð að öllum byggingum með tillit til bílakjallara og staðsetningu á djúpgámum. Veitur benda einnig á að uppbygging og rekstur regnvatnskerfa sem eru innan lóðamarka eru á höndum lóðarhafa.
- Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið verði unnið í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að færslu og styrkingu lagna þar sem þess er þörf.

Svar: Á deiliskipulagsuppdrætti eru sýndar leiðbeinandi staðsetningar dreifistöðva. Við reit 1 er sýnd lóð fyrir dreifistöð og hefur henni verið bætt við skilmálatöflu í kjölfar auglýsingar. Lóðin hefur fengið heitið Reitur 13 og verður nánar skilgreind á mæliblaði.

Tekið er undir mikilvægi þess að unnið verði í góðu samráði við Veitur á öllum stigum málsins og tryggja þarf gott upplýsingaflæði varðandi áform og tímasetningar framkvæmda.

Vegna athugasemda frá Veitum hefur eftirfarandi texta verið bætt við skilmála (Kafla 6.6 *Rafmagn - Dreifistöðvar*) í kjölfar auglýsingar:

> *Dreifistöðvarýmin sem byggð verða á reitum 8, 9A, 9B, 9C, 10B og 11 verða hluti af byggingunni sem þau tilheyra og munu Veitur ekki eiga rýmið né eignast það. Aðkoma vinnutækja og starfsmanna skal vera tryggð á öllum tímum sólarhringsins fyrir rekstur og viðhald. Afnotaréttur af dreifistöðvarými og umferðarréttur um lóðina og réttur til að grafa niður jarðstrengi, er kvöð á húsi og lóð og í gildi allan þann tíma sem Veitur starfrækja dreifistöð í húsinu. Veitur hafa heimild til að setja niður og viðhalda lögnum og strengjum á lóð og ganga um sameign eins og rekstur dreifistöðvarinnar krefst hverju sinni.*
> *Lóðarhafi skilar rýminu til Veitna samkvæmt kröfum Veitna.*
> *Staðsetningar og umfangs dreifistöðva skal getið í eignaskiptasamningi.*
> *Dreifistöð á reit 1 verður á eigin lóð. Lóðin verður 4 x 4 m að stærð og verður aðkoma að vera tryggð frá götu svo hægt sé að sinna viðhaldi.*

Kostnaðarþátttaka Veitna og kostnaðarskipting aðila lýtur sömu reglum og á öðrum uppbyggingarsvæðum í Reykjavík og atriði er varða kostnað og rekstur eru ekki hluti af gerð deiliskipulags.

2. Bréf Stefáns Auðólfssonar f.h. Tak-Malbik ehf., dags. 31. ágúst 2021

Gerð er athugasemd við að deiliskipulagssvæðið fer inn fyrir mörk lóðarinnar Malarhöfða 10, samanber mynd. Lagt er til að deiliskipulagi þess hluta sem fer inn á lóðina verði frestað.

Svar: Athugasemdin varðar ekki deiliskipulagssvæðið sem um ræðir (svæði 1) heldur deiliskipulagstillögu fyrir svæði 2 sem auglýst var samhliða.

3. Bréf Samtaka um bíllausan lífstíl, dags. 31. ágúst 2021

Sett er fram sú skoðun að margt mætti betur fara í tillögunni m.a. m.t.t. markmiða Reykjavíkurborgar í samgöngum og aðalskipulagi. M.a. er bent á eftirfarandi atriði/sett fram eftirfarandi skoðun á einstökum atriðum:

Sett er fram sú skoðun/fullyrðing að:

a) Bílastæði á yfirborði séu of mörg. Æskilegt væri að takmarka þau, metnaður væri að útrýma þeim alveg.

b) Bílastæðakjallarar séu of margir, eru á næstum öllum lóðum og verða þannig hvati fyrir íbúa til að eiga bíl. Bílakjallarar auki umfang og kostnað við framkvæmdir umtalsvert, kostnaður sem mun síðan endurspeglast í kostnaði á íbúðunum.

Svar: Fjöldi bílastæða í tillögunni er unnin út frá þeim reglum sem settar eru fram í Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar sem er hluti af aðalskipulagi borgarinnar. Í Bíla- og hjólastæðastefnunni eru settar fram kröfur um fjölda bíla- og hjólastæða, innan lóða, í Reykjavík vegna nýbygginga og/eða endurnýjunar byggðar. Reglurnar skal leggja til grundvallar við gerð hverfis- og deiliskipulags og við umsókn byggingarleyfa.

Fjöldi bílastæða er áætlaður út frá viðmiðunargildi sem tekur mið af staðsetningu í borginni og hefur borginni verið skipt upp í tvö svæði í þeim efnum sem fer eftir fjarlægð frá Borgarlínu. Bílastæðum getur fjölgað eða fækkað frá viðmiðunargildinu eftir aðstæðum og skal það rökstutt sérstaklega. Þar skiptir mestu aðgengi að almenningssamgöngum, tækifæri til samnýtingar bílastæða, aðgengi að deilibílum og sú samgöngustefna sem fyrirhuguð er á viðkomandi uppbyggingarreit.

Tækifæri til að fækka bílastæðum m.v. viðmiðunargildi eru helst á:

1. Stærri byggingareitum eða hverfum.
2. Byggingarreitum með blandaðri landnotkun.
3. Byggingarreitum í nágrenni við góðar almenningssamgöngur.


Þegar uppbygging fellur undir þessar skilgreiningar skal vinna sérstakt samgöngumat þar sem m.a. er áætlað hvernig endurskoða megi heildarfjölda bílastæða. Ljóst er að deiliskipulagssvæðið sem hér um ræðir fellur undir allar þrjár skilgreiningarnar og því var unnið samgöngumat sem hluti af deiliskipulagsvinnunni (Verkís, dags. júní 2021, uppfært 1. desember 2021).

Tilgangur samgöngumats er m.a. að meta með markvissum hætti hvernig umsóknir um byggingarleyfi og deiliskipulagstillögur leitast við að ná markmiðum Reykjavíkurborgar um breyttar ferðavenjur á nýjum uppbyggingarsvæðum. Í samgöngumati eru allir þættir sem snerta ferðir til og frá skipulagsreit skoðaðir í þeim tilgangi að stuðla að því að auðveldara sé að ferðast til og frá áfangastað með sem vistvænustum hætti.

Í upphafi deiliskipulagsvinnunnar var fjöldi bílastæða ákvarðaður út frá viðmiðunartöflu 1 í Bíla- og hjólastæðastefnunni. Í framhaldi var unnið samgöngumat þar sem atriði eins og aðgengi að almenningssamgöngum, samnýting bílastæða í blandaðri byggð og tækifæri fyrir deilibíla/ -hjóla voru metin og tekin inn í endanlegan bílastæðafjölda.

Eitt megin stefið í tillögunni er að stuðla að eins góðri samnýtingu bílastæða og kostur er þar sem um er að ræða nokkuð blandaða byggð íbúða, þjónustu og atvinnu, sér í lagi næst Borgarlínustöð við

Krossamýrartorg. Á reitum 8, 9, 10 og 11 er gert ráð fyrir að 90% bílastæða í kjöllurum séu samnýtanleg. (Sjá mynd 1.)



Deiliskipulagssvæðið: Samnýtanlegir kjallarar sýndir með dekkri lit. Gert er ráð fyrir að um 68% allra bílastæða á deiliskipulagssvæðinu verði samnýtanleg.

Deiliskipulagsáætlunin sem hér er til umfjöllunar er einn áfangi af nokkrum sem áætlað er að ráðast í á næstu árum í samræmi við rammaskipulag af svæðinu og áætlanir aðalskipulags. Gert er ráð fyrir því að samnýtanleg bílastæði í bílakjöllurum á deiliskipulagssvæðinu komi einnig til með að nýtast við samgöngumat og útreikninga á bílastæðaþörf nærliggjandi uppbyggingarsvæða, sér í lagi á þróunarreitum 5 og 8 (sjá mynd 2). Heildarfjöldi bílastæða á svæði 1 tekur þannig mið af því að mun fleiri íbúar en íbúar svæðis 1 munu nota sameiginlegu bílakjallarana á deiliskipulagssvæðinu í framtíðinni.



Mynd 2. Áfangaskipting skipulags- og annarra þróunarsvæða

Ofangreind aðferðafræði við útreikninga á fjölda og fyrirkomulag bílastæða á skipulagssvæðinu, ásamt samgöngumati fyrir svæðið er framsýn og tekur fullt mið af Bíla- og hjólastæðastefnu borgarinnar, vistvænum samgönguháttum s.s. Borgarlínu, strætisvögnum og hjólreiðum. Að ofansögðu er ekki fallist á að bílastæði á svæðinu séu of mörg.

Forsendur er varða starfsemi á reitum 10 A, B, C hafa verið endurmetnar í kjölfar auglýsingar og sérskilmálar þessara reita hafa verið lagfærðir til að skerpa á rýmri skilgreiningu þeirrar starfsemi sem þar má þróa. Samgöngumat hefur verið uppfært til samræmis við rýmri skilgreiningu og hámarksfjöldi bílastæða á deiliskipulagssvæðinu hefur verið lagfærður til samræmis við endurskoðað samgöngumat. Bílastæðum í sameiginlegum bílakjöllurum fækkar þar með um 140 frá auglýstri tillögu og bílastæðum á yfirborði fækkar um 40. Með því að fækka bílastæðum á yfirborði er komið til móts við atriði sem voru meðal athugasemda.

Ítarlegri útskýringum á hugmyndafræði bílastæðamála fyrir svæðið og samræmi hennar við endurskoðað samgöngumat hefur verið bætt við skilmála deiliskipulagsins (Kafla 4.4 *Bílastæði).* Þá hefur skilmálatafla verið uppfærð og sýnir nú einnig fjölda samnýtanlegra bílastæða innan hverrar lóðar, til frekari skýringar.

Í eftirfarandi töflu kemur fram viðmið um fjölda bílastæða á svæði 1 og mögulegir þættir til fækkunar þeirra skv. endurskoðuðu samgöngumati. Í neðstu línu kemur fram endurskoðaður heildarfjöldi bílastæða á deiliskipulagssvæðinu, að meðtöldum þeim bílastæðum sem ætlað er að munu einnig þjóna nærliggjandi svæðum:

Matsþættir - Fjöldi bílastæða	**Möguleg fækkun**	**Fjöldi**
Viðmið skv. Bíla- og hjólastæðastefnu		1.961
-Samnýting	393	1.568
-Deilibílar	51	1.517
-Samgöngustefna	67	1.450
-Nálægð við almenningssamgöngur	136	1.314
Heildarfjöldi að viðbættum samnýtingarstæðum fyrir nærliggjandi svæði		2020 (þar af 1.375 samnýtanleg)

Skipulagsuppdráttur hefur jafnframt verið uppfærður að því leyti að hvert og eitt stæði á yfirborði gatna (sem eru að langstærstum hluta stæði fyrir hreyfihamlaða, sleppi- og gestastæði) er ekki lengur teiknað nákvæmlega upp í göturýminu. Hönnunarhandbók svæðisins verður uppfærð til samræmis við það. Við hönnun gatna verður reynt eftir fremsta megni að setja samsíða bílastæði þar sem því verður við komið. Endanlegt fyrirkomulag hornréttra og samsíða bílastæða í göturými ræðst í frekari hönnun og útfærslu gatna út frá algildri hönnun og aðgengis- og öryggismálum.

c) Göturnar í hverfinu séu of breiðar og að það muni leiða til háhraðaaksturs og hvetja íbúa enn frekar til að ferðast á bílum. Akstursgöturnar ættu að vera þrengri og færri, en það hvetur fólk til þess að horfa út fyrir kassa einkabílsins og býr til öruggara samgönguumhverfi á yfirborðinu.

Svar: Allt umferðarskipulag á svæðinu er skipulagt á forsendum gangandi og hjólandi umferðar sem verður í forgangi. Öll þjónusta, verslun og skólar ásamt Borgarlínustöðvum eru í göngufæri og allt skipulag hverfisins tekur mið af því. Endanleg útfærsla og breidd gatna verður útfærð í hönnun á viðkomandi göturými en skipulagið gerir ráð fyrir hægakstri um allt hverfið.

d) Í hverfinu væri hægt að gera breiða og fallega göngustíga og gangstéttar, í stað þess að hafa allar þessar götur væri hægt að nýta yfirborðið á fjölbreyttari vegu svo sem fyrir kaffihús, matarvagna, útileiksvæði, göngustíga, hjólastíga, litla garða, bekki, hornbúðir og torg.

Svar: Við tillögugerðina var unnið markvist að því að öll umgjörð og almenningsrými borgarhlutans geti boðið upp á fjölbreytta nýtingarmöguleika og þjónustu við íbúa borgarhlutans. Fjölbreyttar gönguleiðir liðast um svæðið og styðja við og undirstrika landslagseinkenni, svo sem hamarinn, og tengja þau við flæði hágæða almenningssamgangna. Meðfram gönguleið til og frá Borgarlínustöð er jafnframt gert ráð fyrir verslun og annarri þjónustu. Deiliskipulagstillögunni fylgir ennfremur hönnunarhandbók þar sem sýndar eru útfærslur almenningsrýma, gatna, stíga og opinna svæða. Markmiðið með handbókinni er að skapa lífvænlega byggð þar sem fólk er í fyrsta forgangi, byggð sem er félagslega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbær.

f) Skipuleggja ætti hverfið m.t.t þess að Borgarlínan, aðrar almenningssamgöngur og léttir fararmátar eru framtíðin.

Svar: Tillagan var unnin m.t.t. þess að Borgarlínan, aðrar almenningssamgöngur og fjölbreyttir ferðamátar fléttist og fari vel saman og séu framtíðin.

Jafnframt er bent er á eftirfarandi:

Spurt er hvernig tillagan falli að markmiðum aðalskipulags, samgöngusáttmálans, loftslagsáætlunar og græna plansins.
Bent er á að í nýjum hverfum sé tækifæri til þess að búa til grænt borgarskipulag til framtíðar. Að koma fólki frekar en bílum á yfirborðið, að hvetja fólk til þess að ferðast um hjólandi, hlaupandi eða í almenningssamgöngum frekar en í einkabílnum.
Í þessum nýju áætlunum sé tækifæri til þess að sleppa einfaldlega bílastæðum bæði ofan- og neðanjarðar og /eða koma bílum fyrir í miðlægum bílastæðahúsum og greitt umferð innan hverfa fyrir alla aðra samgöngumáta en einkabílinn.

Svar: Tillögurnar samræmast öllum ofangreindum ábendingum.

4. Bréf Árna Davíðssonar, dags. 31. ágúst 2021

Settar eru fram eftirfarandi athugasemdir/skoðanir:

a) Ekki þykir ýtt nægjanlega undir samnýtingu bílastæða milli íbúða og þjónustu og bent á að frekar ætti að skipuleggja þau innan hverfa en innan lóða eða reita.
b) Bílastæði eiga helst að vera í sérstökum bílastæðahúsum eða samsíða götum síður í bílakjöllurum undir húsum, til að bílastæði móti ekki húsagerð og skipulag. Kjörið er að hafa bílastæðahús meðfram stofnbrautum til að bæta hljóðvist í hverfum og stytta akstursvegalengdir.

Svar: Eitt megin stefið í deiliskipulagstillögunni er að stuðla að eins góðri samnýtingu bílastæða og kostur er þar sem um er að ræða mjög blandaða byggð íbúða, þjónustu og atvinnu, sér í lagi við fyrirhugaða borgarlínustöð og á miðkjarna svæðisins við Krossamýrartorg. Tillagan gerir ráð fyrir mikilli samnýtingu stæða og samnýtanlegum bílakjöllurum þar sem blöndun byggðar er sem mest. Á reitum 8,9,10 og 11 er til að mynda gert ráð fyrir 90% samnýtingu stæða í samnýtanlegum bílastæðahúsum, alls 1175 bílastæði. Í götu er gert ráð fyrir allt að 200 bílastæðum sem öll eru samnýtanleg. 68% allra bílastæða á deiliskipulagssvæðinu eru þannig samnýtanleg. (Sjá mynd 1.)

Engar stofnbrautir liggja í gegnum svæðið og eingöngu gert ráð fyrir hægakstri ökutækja. Bílastæðakjallarar eru staðsettir miðsvæðis á skipulagssvæðinu til að fá sem besta samnýtingu á öllu svæðinu.

c) Bílakjallarar undir húsum eiga ekki að vera breiðari en byggingin yfir kjallaranum til að garðar og leiksvæði verði nýtileg og vistleg.

Svar: Deiliskipulagið gerir ráð fyrir regngörðum þar sem hægt er að koma þeim fyrir. Kröfur um regngarða koma fram í sérskilmálum hvers reits. Regngarður er gróðursvæði með tengingu við jarðveg þ.e.a.s. ekki ofan á ógegndræpu yfirborði eins og þökum eða bílakjöllurum. Þannig verða til betri ræktunarskilyrði fyrir fjölbreyttan gróður í inngörðum húsa sem nýtast íbúum sem dvalar- og leiksvæði.

d) Allar íbúðir ætti að selja án bílastæðis. Ef bílastæði eru seld á að gera það sérstaklega og án tengingar við íbúð eða fasteign. Þetta er til að lækka íbúðaverð og til að notendur greiði fyrir þjónustuna en ekki aðrir.

Svar: Ein megináhersla skipulagsins snýr að því að stuðla að sem mestri samnýtingu bílastæða og að allt bílastæðabókhald sé í samræmi við samgöngumat og Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkur. Í því ljósi er lögð áhersla á að halda sérmerktum bílastæðum í lágmarki. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að um 68% allra bílastæða á deiliskipulagssvæðinu séu samnýtanleg. Gert er ráð fyrir því að íbúar hafi sannanlega val um að kaupa sér íbúð á skipulagssvæðinu án þess að henni fylgi sérmerkt stæði. Þess má geta að heildarfjöldi bílastæða sem ekki eru samnýtanleg er aðeins um 40% af heildarfjölda íbúða á deiliskipulagssvæðinu.

e) Öll bílastæði að öðru leyti ættu að vera með gjaldskyldu. Það er í langtímaleigu fyrir íbúa og starfsfólk eða með skammtíma gjaldskyldu. Þetta er lykilatriði til að koma í veg fyrir offjárfestingu í bílastæðum.

Svar: Gert er ráð fyrir að öll sameiginleg bílastæði á yfirborði og í kjöllurum verði gjaldskyld.

f) Lágmark 5-10% yfirborðs ætti að vera klætt með trjágróðri sem getur tekið út fullan vöxt til að skapa vistlegt umhverfi í hverfum og draga úr meðalvindi og sviptivindum.

Svar: Lögð er rík áhersla á gróður og grænt umhverfi almenningsrýma á deiliskipulagssvæðinu. Skv. hönnunarhandbók fyrir Ártúnshöfða er gert ráð fyrir að stærri götutrjám verði plantað með taktföstum hætti ásamt ofanvatnsbeðum með náttúrulegum gróðri, m.a. blómstrandi plöntum og berjarunnum í bland við sígrænar plöntur sem gefa rýmunum tilfinningu fyrir árstíðum. Áhersla á gróður og götutré mun skapa vistlegt umhverfi almenningsrýma og skapa góð og skjólsæl dvalarsvæði.

g) Ef byggðir eru stórir reitir á að gera ráð fyrir göngu og hjólaleiðum í gegnum þá sem henta fyrir ferðir fólks til að samgöngur gangandi og hjólandi verði þægilegri, áhugaverðari og áfangastaðir aðgengilegri.

Svar: Tillagan gerir ráð fyrir fjölbreyttum gönguleiðum um svæðið og til og frá almenningssamgöngum, skólum, verslun og þjónustu og öðrum áhugverðum stöðum innan skipulagssvæðisins. Leiðirnar liggja bæði meðfram götum og er fléttað inn í byggðina, torg og almenningsrými sem og græn svæði. Lögð er áhersla á að tengingar í gegnum inngarða/randbyggða reiti séu þrepalausar til að tryggja gott flæði fyrir reiðhjól, hlaupahjól, barnavagna o.s.frv.

h) Jarðhæðir eiga helst að bjóða upp á líflegt umhverfi, þar sem það á við, t.d. þjónustu, verslun, iðnfyrirtæki, veitingastaði, kaffihús, leikskóla eða eitthvað annað. Í íbúðarhúsum, þar sem það á við, ættu að vera íbúðir á jarðhæð, með forgörðum. Þetta er til að skapa líflegt og aðlaðandi rými fyrir alla. Lokuð rými með bílastæðum eða bílastæðakjallarar ættu ekki að vera á jarðhæðum.

Svar: Skilmálar tillögunnar eru þannig að skilyrt er að þjónusta sé á völdum stöðum í byggðinni. Mat fór fram á raunhæfu framboði á þjónusturýmum m.t.t. byggðarinnar. Gott þykir að hafa þjónustu fléttaða inn í byggðina en hinsvegar er ekki gott að ofmeta þörf á henni. Á svæðinu öllu er lögð áhersla á að byggðin sé þéttust og þjónustan mest tengt almenningssamgangnaleiðum.

i) Fáar innkeyrslur ættu að vera inn á lóð eða reit. Koma ætti í veg fyrir að sú hlið lóðar sem snýr að götu verði ein samfelld innkeyrsla. Visst hlutfall lóðar sem snýr að götu gæti verið klætt gróðri.

Svar: Skipulag byggðarinnar er þannig háttað að ekki er keyrt inn og út af lóðum eða reitum heldur inn í götur/göturými sem liggja umhverfis viðkomandi lóð eða reit. Byggðamynstrið er borgarmiðað randbyggðarskipulag þar sem hús leggjast að götu og koma þannig til með að mynda göturýmið. Aðeins er gert ráð fyrir einni innkeyrslu í bílakjallara á hverjum reit og í skilmálum er skýrt kveðið á um að innkeyrslurnar skulu vera lokaðar og felldar inn í byggingarmassann. Tillagan reiknar jafnframt með því að hver götuhlið sé brotin upp með 1-2 rofum í bygginguna, sem opnar fyrir birtu og flæði gangandi inn í inngarðana og byggðina.

j) Rétt getur verið að skipuleggja rekstur bílastæða í hverfinu að hluta eða öllu leyti í sérstöku félagi eða félögum sem sjái um utanumhald, þjónustu, eftirlit og álagningu aukastöðugjalda og stöðvunarbrotagjalda. Virkt eftirlit og utanumhald er mjög mikilvægt til að tryggja reglufylgd með bílastæðum.

Svar: Gert er ráð fyrir að um 68% bílastæða á skipulagssvæðinu verði samnýtanleg en rekstrarform sameiginlegra bílastæðakjallara er ekki hluti af deiliskipulagstillögunni.

Niðurstaða:

Í kjölfar auglýsingar hafa lagfæringar verið gerðar á tillögunni/deiliskipulagsgögnum.
Um er að ræða minni háttar breytingar til að koma til móts við innkomnar athugasemdir og lagfæringar til að útskýra betur/skerpa á skilmálum og markmiðum auglýstrar tillögu.

Lagfæringar á gögnum í kjölfar auglýsingar eru í meginatriðum eftirfarandi:

<u>Uppdráttur og skýringarmyndir:</u>

- Aðalskipulagsuppdráttur uppfærður til samræmis við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
- Götunöfnum bætt inn á deiliskipulagsuppdrátt
- Framsetningu bílastæða, djúpgáma og grænna svæða í göturými breytt til að undirstrika að endanlegt fyrirkomulag ráðist við frekari hönnun og útfærslu gatna

Almenn greinargerð fyrir svæði 1 (og 2):

- Skerpt á almennum atriðum er varða m.a. orkunýtingu, meðhöndlun úrgangs og aðgengismál

Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð fyrir svæði 1:

- Forsendur er varða starfsemi á reitum 10 A, B, C endurmetnar og skerpt á rýmri skilgreiningu þeirrar starfsemi sem þar má þróa. Samgöngumat endurskoðað til samræmis við rýmri skilgreiningu og bílastæðafjöldi á deiliskipulagssvæðinu lagfærður til samræmis við endurskoðað samgöngumat. Skilmálatafla uppfærð.
- Ítarlegri útskýringu á hugmyndafræði bílastæðamála og samræmi bílastæðabókhalds við endurskoðað samgöngumat bætt við skilmála (Kafla 4.4. *Bílastæði*).
- Lóð fyrir dreifistöð bætt inn í skilmálatöflur, til samræmis við auglýstan deiliskipulagsuppdrátt, og texti í kafla 6.6 lagfærður í kjölfar athugasemda frá Veitum.
- Umfjöllun um regngarða lagfærð í greinargerð og kröfur samræmdar milli reita í sérskilmálum.
- Sérskilmálar fyrir reiti 9A, 9B og 9C lagfærðir og samrýmdir hvað varðar möguleika á tilfærslu bílastæðaheimilda milli reita, vindgreiningar og kynningu aðaluppdrátta.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt eins og hún er sett fram í eftirfarandi gögnum, þ.e. með lagfæringum á auglýstri tillögu:

- Almenn greinargerð fyrir svæði 1 (og svæði 2), dags. 4. júní 2021 ***og síðast uppfærð 3. desember 2021.***
- Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð fyrir svæði 1, dags. 4. júní 2021 ***og síðast uppfærðir 3. desember 2021.***
- Deiliskipulags- og skýringaruppdrættir, dags. 4. júní 2021 ***og síðast uppfærðir 3. desember 2021.***

Þá fylgir tillögunni uppfært samgöngumat, dags. 4. júní 2021 og ***uppfært 1. desember 2021.***

Ítarlegt yfirlit yfir lagfæringar í kjölfar auglýsingar eru listaðar í framangreindum gögnum.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Verkefnateymi